# FRÉTTABLAÐIÐ

199. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 28. ÁGÚST 2019





Lækjargötu var lokað frá Bankastræti að Skólabrú í gær á meðan malbikunarframkvæmdir stóðu yfir. Strætóbiðstöðinni á Lækjartorgi var einnig lokað. Ekki var sett upp skilti með upplýsingum og Reykjavíkurborg tilkynnir rekstraraðilum ekki sólarhringslokanir með fyrirvara. Gera má þó ráð fyrir almennri ánægju með að gatan verði í toppstandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Móðir tilkynnti sig til barnaverndar

**Móðir ellefu ára stúlku í Hafnarfirði tilkynnti sjálfa sig til barnaverndar, í samráði við skólann sem stúlkan gengur í, eftir að hafa í fimm ár beðið eftir að kerfið tæki á vanda dóttur hennar sem þarf mikla aðstoð og eftirfylgni vegna mikils ADHD og fylgiraskana.**

**BARNAVERND** Frá því að ellefu ára dóttir Birnu Markúsdóttur greindist með ADHD fyrir fimm árum hefur hún beðið eftir að kerfið veiti stúlkunni þá þjónustu sem hún þarfnast nauðsynlega.

„Hún þarf mikla þjónustu og sum hegðunin kemur ekki fram í skólanum. Við upplifðum og upplifum það sterklega að ekki hafi verið hlustað á okkur fyrr en við hittum sérfræðing í tengslameðferð á BUGL,“ segir Birna sem fann strax að greiningin væri ekki tekin nógu alvarlega til að dóttir hennar fengi viðeigandi aðstoð innan skólans og félagsmálakerfisins.

Mál stúlkunnar hefur verið inni á borði hjá Reykjavíkurborg þegar fjölskyldan bjó þar, síðar hjá Hafnarfjarðarbæ, Þroska- og hegðunarstöð og nú hjá BUGL. „Kerfið er bæði tyrfið og hægfara. Við erum sífellt send á milli staða, förum á marga fundi og látin bíða þótt við séum algjörlega komin í þrot,“ segir Birna sem að lokum greip til þess örþrifaráðs að tilkynna fjölskylduna sjálf til barnaverndar. „Til að fá aðstoð fyrir dóttur okkar og taka okkur fjölskylduna til meðferðar áður en allt myndi springa.“

Hún bætir við að sex mánuðum eftir að málið barst fjölskyldu- og skólaþjónustu Hafnarfjarðar hafi starfsmaður þar sent skriflega tilkynningu til barnaverndar. Birna segir þetta hafa verið gert með samþykki og vilja hennar og fjölskyldunnar.

„Ef ég hefði vitað að ég gæti sjálf tilkynnt mig til barnaverndar þá hefði ég gert það miklu fyrr, mér var ekki kunnugt um að það væri mögulegt. Það er ekki beint það fyrsta sem maður hugsar um sem foreldri. Að tilkynna sig.“

> **Ef ég hefði vitað að ég gæti sjálf tilkynnt mig til barnaverndar þá hefði ég gert það miklu fyrr.**
>
> Birna Markúsdóttir



Ástæðurnar sem gefnar eru upp fyrir töfunum eru mannekla, sumarfrí, biðlistar og fleira. Birna er þroskaþjálfi og hefur unnið að réttindamálum fullorðins fólk með fötlun og undrast hve erfitt er að fá hjálp fyrir börn í mikilli vanlíðan.

„Ég finn fyrir því að fólk er viljugt til að hjálpa en kerfið sjálft er vandamálið,“ segir Birna en hún og framkvæmdastjóri Sjónarhóls ræða einnig baráttu foreldra barna með vanda við Fréttablaðið.is í dag. – **khg**

## Velja frekar breytilega vexti

**VIÐSKIPTI** Algjör viðsnúningur hefur orðið á því hvers konar lánavexti heimili landsins sækja í. Frá því að lífskjarasamningurinn var undirritaður í vor hefur hlutfall lána með breytilegum vöxtum numið 79,8 prósentum af nýjum óverðtryggðum lánum íslensku bankanna. Hlutfallið var um 21 prósent síðustu sex mánuðina á undan.

Sérfræðingur hjá Arion banka segir að því fleiri heimili sem velja breytilega vexti, þeim mun meiri áhrif hafi vaxtaákvarðanir Seðlabankans á heimilisbókhaldið. Seðlabankinn sé þannig í betri stöðu til að ýta undir hagvöxt með beitingu stýrivaxta. Þá segir hann að gangur hagkerfisins síðustu misseri geti skýrt þennan viðsnúning að einhverju leyti. – **þfh** / **sjá Markaðinn**

## KSÍ skoðar VAR-kerfið

**FÓTBOLTI** Guðni Bergsson, formaður KSÍ, segir áhuga á að innleiða VAR-kerfið á Íslandi. „Málið er á frumstigi og við erum þessa stundina að meta hvað það myndi kosta að innleiða VAR. Þegar kostnaðurinn liggur fyrir verður farið í það að meta hvort það sé raunhæft fyrir deildarkeppni af stærðargráðu íslensku deildanna að notast við slíka tækni. Það er ekki mögulegt að setja neinn tímaramma um það hvenær hægt sé að búast við VAR hérlendis en málið verður skoðað í vetur með það í huga að taka kerfið upp næsta sumar,“ segir Guðni við Fréttablaðið.



– **hó** / **sjá síðu 10**







## Veður




Sunnan 8-15 m/s. Víða rigning eða skúrir og hiti 6 til 13 stig, þurrt að kalla um landið NA-vert. NA-læg eða breytileg átt 3-10 m/s á morgun og víða skúrir. Hiti 5 til 15 stig, mildast NA-lands. SJÁ SÍÐU 14

# Vegferðin til Englands hafin



Íslenska kvennalandsliðið undirbýr sig þessa dagana fyrir fyrstu leiki liðsins í undankeppni Evrópumótsins 2021 sem fer fram á Englandi. Íslenska kvennalandsliðið mætir Ungverjalandi og Slóvakíu í fyrstu leikjum riðilsins á næstu dögum. Stelpurnar okkar voru með opna æfingu á Laugardalsvelli í gær og fengu ungir aðdáendur eiginhandaráritun í lok æfingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS



Nigel Farage, leiðtogi Brexitflokksins í Bretlandi. NORDICPHOTOS/AFP

## Farage býður til samstarfs

**BRETLAND** Ef ríkisstjórn Íhaldsflokksins í Bretlandi, undir forsæti Boris Johnson, kemur Bretlandi út úr Evrópusambandinu án samnings í október næstkomandi ætlar hinn nýi Brexitflokkur Nigels Farage ekki að bjóða fram í næstu þingkosningum. Þetta sagði Farage við stuðningsmenn í gær.

Næstu kosningar ættu að fara fram árið 2022. Hins vegar hefur ítrekað verið rætt um að flýta kosningum vegna vandræðagangsins í útgöngumálinu. Sjálfur sagðist Farage telja helmingslíkur á kosningum í haust.

„Við myndum setja landið fram fyrir flokkinn. Við yrðu tilbúin til þess að hjálpa honum [Johnson], vinna með honum ef til vill,“ sagði Farage sem tók þó fram að ef Johnson mistækist að skila Bretum úr Evrópusambandinu myndi Brexitflokkurinn berjast um hvert einasta sæti.

Flokkur Farage bauð fram í fyrsta skipti í Evrópuþingkosningum maímánaðar. Flokkurinn fékk 30,5 prósent atkvæða, mest allra. Íhaldsflokkurinn fékk hins vegar hamfarakosningu, 8,8, prósent en fékk 23,9 í fyrri kosningum. – þea

## Alþingi kemur saman í dag

**ALÞINGI** Alþingi kemur saman í dag til þess að ræða þingsályktunartillögur og frumvörp tengd þriðja orkupakkanum og breytingu á raforkulögum. Stefnt er að því að klára umræðuna í dag.

Á morgun verða lögð fram frumvörp um breytingar á raforkulögum ásamt frumvarpi um breytingar á lögum um tekjuskatt og staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Á mánudag fara fram atkvæðagreiðslur um öll þau mál sem tekin verða fyrir í dag og á morgun. Að atkvæðagreiðslu lokinni fara málin í þriðju umræðu og í kjölfarið í atkvæðagreiðslu.

Fundirnir næstu daga eru hluti af svokölluðum þingstubbi, en samkomulag um þinglok náðist 18. júní eftir langar umræður um þriðja orkupakkann.

Eftir atkvæðagreiðslurnar verður þingi frestað að nýju en nýtt þing kemur saman 10. september. – bdj

# Red Rock tengist ekki þriðja orkupakkanum

**Sumir andstæðingar þriðja orkupakkans hafa sett spurningarmerki við veru skipsins Red Rock í Reykjavíkurhöfn. Skipstjórinn kemur af fjöllum og segir skipið sinna rannsóknum á sjávarstraumum og fleiru.**



Red Rock liggur nú við bryggju í Reykjavíkurhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARI

**SAMFÉLAG** Skipið Red Rock, sem liggur nú við bryggju í Reykjavíkurhöfn, er ekki hér við land til þess að leggja sæstreng milli Íslands og Evrópu, segir skipstjórinn. Red Rock sinnir rannsóknum á sjávarlífi og mælingum á sjávarbotni. Andstæðingar þriðja orkupakkans hafa sumir haldið því fram að skipið sé hér í tengslum við lagningu sæstrengs.

„Nei, nei, nei. Við stundum rannsóknir á spendýrum í sjó, sjávarstraumum og sjávarbotni,“ segir Samuel Lynch, skipstjóri Red Rock. „Skipið þjónustar einnig olíuborpalla. Stundum vilja viðskiptavinir okkar að við tökum þátt í öðrum verkefnum, til dæmis að mæla dýpi og sjávarstrauma. Núna erum við í frekar óspennandi verkefni.“

Lynch vill þó ekki upplýsa um fyrir hverja skipið starfar nú. „Viðskiptavinir okkar biðja okkur ekki um að upplýsa um það.“ Hann tók þó skýrt fram að viðskiptavinurinn tengdist ekki neinu sem viðkemur raforku.

Skipið er skráð í Louisiana í Bandaríkjunum og siglir þaðan. Það er nú í verkefnum á svæðum nálægt Íslandi. „Það er bara tilviljun að við erum hér, við erum að gera rannsóknir á dýpi og sjávarstraumum á svæðinu og það bara hitti þannig á að það hentaði best að koma til hafnar á Íslandi. Það sem við erum að gera kemur Íslandi ekkert sérstaklega við.“

> **Það hefur komið margt fólk til að skoða og taka myndir. Sumir horfa lengi á skipið.**
>
> Samuel Lynch, skipstjóri Red Rock



Kaplar eru á dekki skipsins, Lynch segir þá ekki sæstrengi. „Nei. Þessa kapla notum við til að mæla sjávarstrauma. Ég hef séð sæstrengi, eins og hafa verið lagðir í Mexíkóflóa, það er talsvert stærra en þetta. Fyrirtæki okkar á skip sem hafa sinnt slíkum verkefnum.“

Myndir af skipinu hafa verið birtar í hóp Orkunnar okkar á Facebook og fleiri stöðum. Lynch kemur af fjöllum þegar hann er spurður út í sæstreng, þriðja orkupakkann og atkvæðagreiðsluna á Alþingi. „Ég get fullvissað þig um að við höfum ekkert með það að gera.“

Lynch segir að skipverjar hafi einmitt verið að velta fyrir sér hvers vegna það væri svona mikill áhugi á skipinu í Reykjavíkurhöfn. „Það hefur komið margt fólk til að skoða og taka myndir. Sumir horfa lengi á skipið,“ segir Lynch. Var greinilegt á honum að áhöfnin væri óvön slíkri athygli. „Við erum búnir að vera að segja fólki að það geti flett upp nafninu á skipinu á vefnum og séð þá myndbönd af því að störfum.“

Skipverjarnir eru nú að njóta verunnar á Íslandi. „Við förum á næstu dögum. Við erum bara að bíða eftir að veðrið batni. Kannski komum við aftur til Íslands á næstunni, það fer eftir því hvernig verkefninu miðar,“ segir Lynch. „Núna erum við að fylla skipið af vistum og skipverjar að skoða sig um í Reykjavík. Ísland er fínt, svolítið dýrt.“

arib@frettabladid.is
kristinnhaukur@frettabladid.is
odduraevar@frettabladid.is




Heimilis
RIFINN OSTUR
Er nú á tilboði
Ómissandi á pizzuna, í ofn- og pastaréttina, á tortillurnar og salatið.
370 g
100% ÍSLENSKUR OSTUR

# BÍLALEIGUBÍLARNIR KOMNIR Í SÖLU

## YFIRFARNIR AF UMBOÐI • LÁG VERÐ • GÓÐAR FJÁRMÖGNUNARLEIÐIR



**Peugeot Partner Tepee Outdoor**
Nýskráður 8/2016, ekinn 44 þús.km., dísel, beinskiptur.
**Verð kr. 1.990.000**
Afborgun krónur 25.318 á mánuði*



**Peugeot 5008 Style 7 manna**
Nýskráður 6/2016, ekinn 77 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.390.000**
Afborgun krónur 30.375 á mánuði*



**Peugeot 108 Active**
Nýskráður 3/2016, ekinn 76 þús.km., bensín, beinskiptur.
**Sértilboð kr. 790.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði



**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 7/2017, ekinn 30 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð. **Ásett verð kr. 2.090.000**
**Sértilboð kr. 1.790.000**
Afborgun krónur 22.789 á mánuði*



**Honda HR-V Comfort**
Nýskráður 11/2016, ekinn 86 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.
**Verð kr. 2.390.000**
Afborgun krónur 30.375 á mánuði*



**Honda CR-V Elegance Navi dísil**
Nýskráður 4/2017, ekinn 62 þús.km., dísel, sjálfskiptur 9 gírar. Er í verksmiðjuábyrgð.
**Verð kr. 3.790.000**
Afborgun krónur 48.075 á mánuði*



**Honda CR-V Elegance Navi**
Nýskráður 5/2017, ekinn 69 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.
**Verð kr. 3.790.000**
Afborgun krónur 48.075 á mánuði*



**Honda Civic Station Lifestyle**
Nýskráður 3/2017, ekinn 26 þús.km., dísel, beinskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.
**Verð kr. 2.890.000**
Afborgun krónur 36.696 á mánuði*



**Honda Civic Station**
Nýskráður 8/2016, ekinn 35 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.
Verð kr. 2.390.000
**Sértilboð kr. 1.990.000**
Afborgun krónur 25.318 á mánuði*



**Honda Civic Elegance 5 dyra**
Nýskráður 3/2018, ekinn 16 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.
**Verð kr. 3.190.000**
Afborgun krónur 40.489 á mánuði*



**Honda Civic 5 dyra**
Nýskráður 10/2017, ekinn 29 þús.km., bensín, sjálfskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.
**Verð kr. 2.490.000**
Afborgun krónur 31.639 á mánuði*



**Honda Civic Sedan**
Nýskráður 10/2017, ekinn 13 þús.km., bensín, beinskiptur. Er í verksmiðjuábyrgð.
Verð kr. 2.990.000
**Sértilboð kr. 2.490.000**
Afborgun krónur 31.639 á mánuði*

*Afborgun miðast við 80% lánshlutfall í 7 ár. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 8,94%

## LÍTIÐ EKNIR OG VIRKILEGA VEL MEÐ FARNIR BÍLALEIGUBÍLAR

### SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSSTUÐI

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00
Opið allan sólarhringinn
á notadir.bernhard.is

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1** **Bílar fluttir og Lækjargötu lokað án vitundar eigenda** Faðir sem lagði í Lækjargötu í morgun greip í tómt þegar hann var á leiðinni með son sinn í tannréttingar.

**2** **Telur að áfengi hafi verið bætt í djús sem var til sölu í Hagkaup** Kona sem keypti djús fyrir son sinn í Hagkaup komst að því að búið var að koma fyrir áfengi í safanum.

**3** **Fregnir af brotthvarfi Jónsa stórlega ýktar** Jónsi er ekki að hætta í Í svörtum fötum. Sveitin er að fara í dvala.

**4** **Gáttuð á tónlist Auðar í beinni: „Hvernig samræmist þetta forvarnarstarfi?“** Formaður Samtaka ferðaþjónustunnar er gáttaður á boðskap í lagi tónlistarmannsins Auðar sem hann flutti í beinni á RÚV á Menningarnótt.

**5** **Kostir þess að neyta ekki áfengis** Nýjustu rannsóknir benda til þess að jafnvel sé ekkert magn áfengis öruggt.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**

# Farþegar í innanlandsflugi ekki verið færri frá því 2002

Flugfarþegar í innanlandskerfinu fyrstu sjö mánuði ársins hafa ekki verið færri síðan árið 2002. Samgönguráðherra segir þetta áhyggjuefni og að spýta þurfi í lófana. Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar segir verðið komið yfir sársaukamörk venjulegs fólks. Svokölluð skosk leið er til skoðunar, segir samgönguráðherra.

**SAMGÖNGUMÁL** „Þessi þróun er áhyggjuefni vegna þess að flugið er mikilvægur hluti af almenningssamgöngum og þáttur í tækifærum allra landsmanna og fyrirtækja til þess að byggja sig upp,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, um stöðuna í innanlandsflugi.

Tölur frá Isavia sýna að flugfarþegum í innanlandskerfinu fækkaði um tæp 52 þúsund fyrstu sjö mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra, úr tæplega 457 þúsundum í tæp 405 þúsund. Hafa þeir ekki verið færri á þessum tíma árs síðan 2002.

Sigurður Ingi segir að án efa spili margt inn í þessa þróun. „Við höfum engu að síður séð hana vera að gerast. Þess vegna höfum við verið að setja á laggirnar alls kyns starfshópa til að greina það betur því það hefur kannski ekki alveg legið á borðinu hvað nákvæmlega er að gerast og hvað nákvæmlega er til ráða.“

Meðal þeirra þátta sem ráðherrann nefnir sem mögulegar ástæður fyrir samdrætti í innanlandsflugi er efnahagsástandið og til lengri tíma bætt vegakerfi.

„Síðan hefur verið talsverð umræða um að flugið sé of dýrt. Við verðum bara að viðurkenna að kerfið sem við höfum verið að nota til að styrkja innanlandsflugið, niðurgreiða það með einhverjum hætti, hefur ekki virkað fyrir neinn. Hvorki fyrir farþega, flugrekendur né flugvallareigendur.“

Þess vegna sé hin svokallaða skoska leið til skoðunar. „Sú leið virðist þar sem hún hefur verið tekin upp hafa leitt til fjölgunar farþega, fleiri ferða og lægri fargjalda. Þannig hefur stuðningur við íbúa verið jafnaður þannig að þeir geti leitað sér eðlilegrar þjónustu til þess staðar sem ríkið hefur ákveðið að byggja upp þjónustu á.“

Drög að flugstefnu voru kynnt í sumar en málið er nú til vinnslu í ráðuneytinu. Sigurður Ingi segir að flugstefnan muni að hluta til birtast í uppfærðri samgönguáætlun nú í október.

Sigurður Ingi viðurkennir að klárlega þurfi að spýta í lófana. „Við erum búin að fljúga í hundrað ár en erum að klára fyrstu grænbókina og fyrstu flugstefnuna núna. Það hefði kannski verið ágætt að hafa hana fyrir 20 árum, þannig að við hefðum getað unnið eftir henni síðan þá. En betra er seint en aldrei.“



Fyrstu sjö mánuði ársins fóru rúmlega 203 þúsund farþegar um Reykjavíkurflugvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segist ekki hissa á þessum tölum. „Verð á innanlandsflugi er komið yfir sársaukaþröskuld venjulegs fólks og það er ekki lengur valkostur.“

Hagsmunirnir snúist fyrst og fremst um nálægð við þá þjónustu sem Íslendingar hafi ákveðið að verði að mestu leyti á höfuðborgarsvæðinu. „Það þarf að marka einhverja stefnu í því að gera íbúum alls staðar á landinu kleift að sækja þessa þjónustu. Það verður alltaf miklu hagkvæmara að gera það eins og í gegnum skosku leiðina heldur en að byggja upp þjónustuna alls staðar.“

Þá gagnrýnir Guðmundur að í drögum að flugstefnu sé varla minnst á innanlandsflug. „Það er tvennt hægt að gera. Annaðhvort að fara með þessa stefnu aftur á teikniborðið eða, sem er miklu fljótlegra, að breyta bara heitinu í millilandaflugstefnu. Við eigum að hafa kjark til að kalla hlutina réttum nöfnum.“

Hann veltir því upp hvort ástæðan sé kannski sú að það sé óþægilegt að tala um innanlandsflug. „Það er grafalvarlegt ef það er skýringin og einmitt enn meiri ástæða til að tala um það.“

**sighvatur@frettabladid.is**

> **Verð á innanlandsflugi er komið yfir sársaukaþröskuld venjulegs fólks og það er ekki lengur valkostur.**
>
> Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

## Mikil fjölgun í kjölfar átaks

**MENNTUN** Um 550 nýnemar hófu nám við Menntavísindasvið Háskóla Íslands í vikunni í kjölfar átaks stjórnvalda í nýliðun í kennaranámi. Jukust umsóknir um nám í grunnnám í deildinni um 45 prósent í vor. Umsóknum fjölgaði alls um rúmlega 200 á landinu öllu.

Karlkyns umsækjendum fjölgar í þeim hópi en um helmingi fleiri karlar sóttu um grunnskólakennaranám í Háskóla Íslands en í fyrra og þrefalt fleiri um nám í leikskólakennarafræðum. Þá fjölgaði einnig umsóknum um nám leiðsagnarkennara samkvæmt tilkynningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Hlutfallslega var aukningin mest hjá Listaháskóla Íslands þar sem umsóknum um nám í listkennsludeild fjölgaði um 170 prósent milli ára. **– vá**


ÚTILJÓSADAGAR




RAFVÖRUMARKAÐURINN
Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | Sími: 585 2888


## Segja að vandi á einum stað eigi ekki að leiða til banns annars staðar

**DÝRAVERND** Íslensk stjórnvöld vildu á þingi CITES í Genf að aðeins ein af átján hákarlategundum fengi aukna vernd. Ísland hefur lagt áherslu á að vandi tegundar á einum stað ætti ekki að leiða til veiðibanns annars staðar.

Ásta Sigrún Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi sjávarútvegsráðuneytisins, segir að afstaða Íslands varðandi vernd hákarla hafi tekið mið af mati sérfræðingahóps Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Hafi hópurinn eingöngu mælt með því að ein þeirra tegunda sem um ræðir yrði tekin upp í viðauka II Washingtonsáttmálans um aukna vernd.

„Afstaðan er enn fremur í samræmi við áherslu íslenskra stjórnvalda á sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins og ábyrga svæðisbundna fiskveiðistjórnun,“ segir Ásta. „Meðal annars hefur verið lögð áhersla á það á vettvangi CITES að vandi í tegund á einum stað leiði ekki til veiðibanns á sömu tegund þar sem stofninn er í góðu horfi.“



Ísland lagðist gegn aukinni vernd á 17 af 18 tegundum hákarla.

Að sögn Ástu hafa íslensk stjórnvöld bent á að fiskveiðistjórnun sé ekki á valdsviði CITES heldur beri strandríkjum og viðeigandi fiskveiðistjórnunarstofnunum að tryggja nýtingu lifandi auðlinda hafsins. Ráðuneytin eigi þó í góðu samráði um þátttöku Íslands á vettvangi CITES. **– khg**


SJÁÐU ÍSLAND Á ALVEG NÝJAN HÁTT
UPPLIFÐU ÓTRÚLEGT SÝNDARFLUG
OPNUM Á NÆSTU DÖGUM!
FlyOver Iceland notar nýjustu tækni til að veita þér raunverulega flugupplifun. Þú situr fyrir framan 300 fermetra hnattlaga sýningartjald með fæturna í lausu lofti og horfir á mynd sem fer með þig í æsispennandi ferðalag um Ísland. Tæknibrellur, þar á meðal vindur, þoka og lykt, ásamt hreyfingum búnaðarins gera þessa upplifun ógleymanlega.
Bókaðu miða á FlyOverIceland.is
Fiskislóð 43, 101 Reykjavík
FlyOver ICELAND

# Bolsonaro krefur Macron um afsökunarbeiðni

**BRASILÍA** Emmanuel Macron Frakklandsforseti þarf að „draga móðgunaryrði sín“ til baka, eigi Suður-Ameríkuríkið að taka við tuttugu milljóna evra neyðaraðstoð G7-ríkjanna vegna skógareldanna sem geisa í Amasonfrumskóginum. Þetta sagði Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, í gær. Brasilíski miðillinn G1 greindi frá.

Onyx Lorenzoni, starfsmannastjóri brasilíska forsetaembættisins, hafði áður sagt við Globo að peningarnir væru betur nýttir til skógræktar í Evrópu. „Macron getur ekki einu sinni komið í veg fyrir fyrirsjáanlegan bruna kirkju, hluta af sameiginlegum menningararfi heimsins, og vill núna reyna að kenna okkur eitthvað,“ sagði Lorenzoni.

„Fyrst af öllu þarf herra Macron að draga móðgunaryrði sín í garð minn til baka. Fyrst kallaði hann mig lygara og svo, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, ógnaði hann fullveldi okkar vegna Amasonfrumskógarins,“ sagði Bolsonaro.

Vitnar hann þar í orð Macron um að Frakkinn gæti staðið í vegi fyrir nýsamþykktum fríverslunarsamningi ESB við Mercosur vegna meintra lyga Bolsonaro um loftslagsmálin. Áður hafði Macron kallað Bolsonaro „ofboðslega dónalegan“ eftir umdeild Facebook-ummæli Bolsonaro. Stuðningsmaður Brasilíuforseta hafði deilt mynd af bæði brasilísku og frönsku forsetahjónunum og sagt frönsku forsetafrúna ástæðuna fyrir andstöðu Macron við Bolsonaro. „Ekki niðurlægja gaurinn, hahahaha,“ svaraði þá Bolsonaro og gaf þannig í skyn að Brigitte Macron væri ófögur. **– þea**



**Bolsonaro er ekki mikill vinur Macron.**



**Nokkur hiti var í fyrri kappræðum.** NORDICPHOTOS/AFP

# Útlit fyrir að mikill fjöldi dragi framboð sitt til baka

**BANDARÍKIN** Einungis helmingur þeirra tuttugu helstu frambjóðenda sem berjast um útnefningu bandarískra Demókrata til forsetaframboðs hefur uppfyllt þær kröfur sem þarf til þess að fá pláss í næstu kappræðum. Búast má við því að þeir tíu frambjóðendur sem virðast ekki ætla að ná inn dragi flestir framboð sitt til baka ef skilyrðin eru ekki uppfyllt. Kappræðurnar fara fram þann 12. september.

**Helmingur tuttugu frambjóðenda uppfyllir skilyrði fyrir þátttöku í næstu kappræðum.**

Listinn yfir frambjóðendur sem hafa tryggt sér pláss kemur lítið á óvart. Joe Biden, fyrrverandi varaforseti, hefur mælst með forskot í öllum könnunum á landsvísu. Öldungadeildarþingmennirnir Bernie Sanders og Elizabeth Warren berjast svo um annað sætið. Að auki má nefna Cory Booker, Kamala Harris og Amy Klobuchar, einnig öldungadeildarþingmenn, Pete Buttigieg borgarstjóra, Beto O'Rourke og Julián Castro, fyrrverandi þingmenn, og athafnamanninn Andrew Yang.

Athygli vekur að Kirsten Gillibrand öldungadeildarþingmaður er fjarri því að uppfylla kappræðuskilyrðin. Það er Bill de Blasio, borgarstjóri New York, einnig.

Könnun sem Politico birti á mánudag sýndi Biden með 33 prósent, Sanders tuttugu, Warren fimmtán, Harris átta og Buttigieg fimm. Aðrir höfðu minna fylgi. **– þea**


## BEITNINGARFÓLK ÓSKAST

Stakkvík ehf. óskar eftir að ráða vant fólk í beitningar á starfsstöðvar sínar í **Grindavík** og **Sandgerði.**

***Húsnæði og mikil vinna í boði!***

Stakkavík ehf

**Upplýsingar gefur:**
Hermann Ólafsson 893-8887
Jón G. Ottósson 893-9606


## Á fund forseta



Roberto Fico, forseti fulltrúadeildar ítalska þingsins, gengur af fundi í Quirinal-höll í Róm í gær þegar forseti landsins reyndi, ásamt stjórnmálaleiðtogum, að leysa stjórnarkreppuna sem kom upp eftir að Bandalagið sleit samstarfi við Fimm stjörnu hreyfinguna. NORDICPHOTOS/AFP

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Fjölskylda flugmanns slegin vegna athafnar

Fjölskylda Grants Wagstaff, sem lést í flugslysi í Eyjafirði, kveðst harmi slegin vegna minningarathafnar án sinnar vitneskju. Arngrímur Jóhannsson, sem flaug vélinni og ekkjan stefnir í dómsmáli, stóð að uppsetningu minnismerkis.

**DÓMSMÁL** Gerð minnismerkis og lokuð minningarathöfn um Kanadamanninn Grant Wagstaff við flugstöðina Hyrnu á Melgerðismelum í Eyjafirði er harðlega gagnrýnd af ekkju og börnum Grants. Hann fórst í flugslysi í Barkárdal í Eyjafirði 9. ágúst 2015.

Eigandi og flugmaður vélarinnar sem fórst var Arngrímur Jóhannsson en hann slasaðist talsvert er vélin brotlenti. Til stóð að Grant flygi vélinni síðan vestur um haf.

„Wagstaff-fjölskyldan er gáttuð og harmi slegin yfir því að hver sá sem ákvað að reisa minnismerkið í sumar á Íslandi og hafa samkomu hafi gert það án þess að ráðfæra sig við eða bjóða fjölskyldu Grants,“ segir í yfirlýsingu til Fréttablaðsins frá ekkju flugmannsins og þremur uppkomnum börnum hjónanna.

„Það var afar særandi að heyra af athöfninni í gegn um skilaboð á Facebook eftir að viðburðurinn átti sér stað. Okkur finnst þetta siðferðislega rangt,“ segir í yfirlýsingunni.

„Okkur hefur verið sagt að flugmaðurinn sem flaug vilji hafa samband við okkur þegar málin eru öll frágengin. Því getum við ekki skilið hvers vegna minningarathöfninni var ekki seinkað þar til þá. Það kallar á spurninguna: Hvers vegna núna?“ spyr fjölskylda Grants Wagstaff.



**Ljóðið Myndir af flugmanni eftir Gary Claud Stokor er á minningarsteininum sem reistur var um flugmanninn Grant Wagstaff.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Þótt fjölskyldan nefni ekki Arngrím Jóhannsson á nafn liggur fyrir og er þeim ljóst að það var Arngrímur sem gekkst fyrir gerð og uppsetningu minnismerkisins. Ekkja Grants, Roslyn Wagstaff, rekur nú skaðabótamál gegn Arngrími og tryggingarfélaginu Sjóvá fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Komið hefur fram að dóttir Grants, Sarah Wagstaff, hefur einnig málsókn í undirbúningi.

„Þetta er harmleikur hvernig sem á er litið og hryggir okkur mjög mikið,“ segir fjölskyldan.

Arngrímur vildi ekki svara gagnrýni Wagstaff-fjölskyldunnar er Fréttablaðið leitaði eftir því. Haft var eftir honum í blaðinu Vikudegi í síðustu viku að hann hefði byrjað að hugsa um uppsetningu minningarsteins um Grant skömmu eftir slysið. Það hafi hann viljað gera í minningu góðs vinar.

**gar@frettabladid.is**



Brasilíski bóndinn Helio Lombardo Do Santos á svæðinu nálægt Porto Velho í Brasilíu þar sem miklir skógareldar geisa í Amason-regnskóginum. NODICPHOTOS/AFP

# Umheimurinn

Ljósmyndir segja meira en þúsund orð líkt og sjá má. Skógareldar í Amason-regnskóginum, mótmæli í Hong Kong og vélmenni í Þýskalandi eru brot af því sem birtist heiminum á liðnum dögum.



Mótmælandi í Hong Kong notar tennisspaða til að slá frá sér táragashylki í átökum við lögreglu í mótmælum gegn ríkisstjórninni í Tsuen Wan-héraði ríkisins. Mótmæli hafa verið á götum Hong Kong frá 9. júní. NORDICPHOTOS/GETTY



Gestur á Futurium-safninu í Berlín í Þýskalandi virðir fyrir sér AILA-vélmenni. Safnið verður opnað almenningi í næstu viku. NORDICPHOTOS/GETTY




Ungur drengur tekur þátt í mótmælum til vitundarvakningar um umhverfismál sem fóru fram við brasilíska sendiráðið í Suður-Afríku. Mótmælin snerust um skógareldana í Amason-skóginum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# 10 GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ SEGJA NEI VIÐ ORKUPAKKANUM



## 1. RAFORKUVERÐ HÆKKAR MEÐ ORKUPÖKKUNUM

Lágt raforkuverð hefur verið ein af undirstöðum góðra lífskjara í landinu. Fyrri orkupakkar ESB **juku kostnað** í raforkukerfi landsins með óþarfri uppskiptingu raforkufyrirtækja. Sá kostnaður er nú borinn af fyrirtækjum og heimilum í landinu. Með þriðja orkupakkanum **hækkar flutningskostnaður** rafmagns.

## 2. SÆSTRENGUR HÆKKAR ORKUVERÐ

Verði sæstrengur lagður til ESB **mun raforkuverð hækka** verulega hér eins og gerðist í Noregi. Áform eru um sæstreng sem gæti flutt 20-40% af raforku sem framleidd er í landinu úr landi en það er mun hærra hlutfall en í Noregi. Komi strengur munu mörg innlend fyrirtæki gefast upp og störf munu flytjast úr landi.

## 3. ÞAÐ MÁ SEGJA NEI TAKK

Ísland hefur enga tengingu við orkumarkað ESB og ætti því að vera undanþegið orkupökkunum. Undanþágur aðildarríkja frá óþarfri eða skaðlegri löggjöf EES eru mikilvægur hluti EES- samningsins. Ísland hefur meðal annars fengið undanþágur frá EES reglum um jarðgas, járnbrautir og skipaskurði. **Undanþágurnar hafa ekki valdið vandamálum** hingað til og engin ástæða til að ætla að undanþága frá orkupakkanum verði það. Segjum nei takk við orkupakkanum.

## 4. VIÐ ERUM MESTA RAFORKUÞJÓÐ HEIMS

Engin þjóð framleiðir meiri raforku á íbúa en við og öll raforka okkar er framleidd án mengunar. Við framleiðum tífalt meiri raforku á íbúa en ESB. **Við megum ekki missa forræði í svo mikilvægum málaflokki úr landi** til aðila sem hafa aðra hagsmuni en fólk á Íslandi.

## 5. ORKULÖGGJÖF ESB VELDUR OKKUR TJÓNI

Aðstæður í orkumálum ESB og Íslands eru **gerólíkar** og sú löggjöf sem hentar aðstæðum í ESB getur valdið **tjóni** hér. Hér er gnótt raforku en ESB býr við orkuskort. Hagsmunir ESB og Íslands í orkumálum **fara ekki saman** og ESB lætur sína hagsmuni að sjálfsögðu ganga fyrir.

## 6. ORKUPAKKAR MARKAÐSVÆÐA ORKUKERFIÐ

Orkupakkarnir markaðsvæða raforkukerfi landsins sem hingað til hefur nær alfarið verið í eigu ríkis og sveitarfélaga. Hagnaður raforkufyrirtækja nemur tugum milljarða árlega og rennur allur til samfélagslegra verkefna. Vilja Íslendingar breyta því?

## 7. NÁTTÚRVERND VÍKUR FYRIR GRÓÐASÓKN

Orkupakkarnir hvetja til **aukinnar fjárfestingar einkaaðila í raforkuframleiðslu.** Virkjunum einkaaðila skal veittur aðgangur að flutningskerfi raforku sem er í ríkiseigu. **Kalli einkavirkjanir á aukna flutningsgetu skal sú fjárfesting borin af ríkinu og neytendum.**

## 8. EKKI HÆGT AÐ HAFNA SÆSTRENG

Raforka er vara samkvæmt EES-rétti og því er **stjórnvöldum óheimilt að hefta viðskipti með raforku milli landa.** Með þriðja orkupakkanum kæmi regluverk um flutning raforku yfir landamæri. Tvö sæstrengsverkefni eru í startholunum og bíða eftir samþykkt orkupakkans. Hafni stjórnvöld umsóknum um sæstrengi **gætu þessir aðilar krafist himinhárra skaðabóta úr ríkissjóði.**

## 9. ORKUÖRYGGI STEFNT Í HÆTTU

Orkupakkinn **dregur úr orkuöryggi** því með honum verður auðlindastýring talin ólöglegt inngrip í frjálsan markað. Í ESB-ríkjunum er brugðist við orkuskorti með því að brenna gasi en hér er það ekki valkostur. **Tæmist uppistöðulón hér er ekki hægt að panta meiri rigningu.** Bili sæstrengur tekur viðgerðin marga mánuði. Hér þarf því allt aðra forðastýringu en í ESB.

## 10. ÁSTÆÐULAUST AÐ TAKA VIÐ PAKKANUM

Hvers vegna ætti Ísland að skuldbinda sig til að innleiða reglur orkumarkaðar sem það hefur engin áform um að tengjast? Sé eitthvað talið gagnlegt í orkupökkum getum við ávallt innleitt þá hluta að eigin frumkvæði og án nokkurra skuldbindinga gagnvart EES.

## TAKTU ÞÁTT!

Geymdu þetta þar sem fleiri geta lesið og kynntu fleirum rökin!
Taktu þátt í áskorun Orkan okkar á vefnum: **www.orkanokkar.is/askorun**

Útgefandi og ábyrgð: Orkan okkar. Nánari upplýsingar á **www.orkanokkar.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Harðlínudeild



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Andstæðingar Sjálfstæðisflokksins hafa alveg sérstaklega ástæðu til að fagna. Þeir þurfa ekki lengur að beita sér af hörku gegn þessum stærsta flokki landsins. Sjálfstæðismenn hafa sjálfir tekið það verk að sér.

Það er ekki sérlega algengt að Sjálfstæðismenn urri og bíti hverjir aðra. Nú er það hins vegar nær daglegt brauð. Gamlir og þrautreyndir flokkshestar, sem hafa óbeit á Evrópusambandinu og tortryggja flokksforystuna, hafa farið hamförum vegna þriðja orkupakkans, máls sem engin ástæða er til að æsa sig út af. Ekki þýðir þó að segja þeim það, þeir eru í svo miklum ham að þeir taka ekki rökum. Þessi hópur samanstendur aðallega af eldri karlmönnum, með mikla valdaþörf. Svo sannarlega leiðist þeim ekki að vera í sviðsljósinu. Þeir hafa hátt og finnst greinilega gaman að hlusta á sjálfa sig. Hvað eftir annað þylja þeir rangfærslur sínar um þriðja orkupakkann og banda óþolinmóðir frá sér staðreyndum sem velviljað fólk reynir að ota að þeim.

Það er stórmerkilegt fyrir utanaðkomandi að fylgjast með mönnum, sem greinilega telja það sáluhjálparatriði fyrir þjóðina að Sjálfstæðisflokkurinn sé við völd, leggja jafn mikið á sig og raun ber vitni til að skaða eigin flokk. Pólitískir andstæðingar Sjálfstæðisflokksins, sem eru fjölmargir hér á landi, fylgjast spenntir með. Það er notaleg tilbreyting fyrir þá að leyfa Sjálfstæðismönnum sjálfum að djöflast í eigin flokksforystu. Þarna er sannarlega verið að taka af þeim ómakið.

Merkilegt er svo til þess að vita að harðlínuöflin í Sjálfstæðisflokknum skuli hvað eftir annað sjá ástæðu til að gera lítið úr konum sem gegna ábyrgðarstöðum innan flokksins, ráðherranum Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur og ritara flokksins Áslaugu Örnu Sigurbjörnsdóttur. Þetta eru vitanlega sömu öflin sem hröktu Evrópusinna úr flokknum á sínum tíma. Sjálfstæðisflokkurinn hafði ekki pláss fyrir þannig þenkjandi fólk – sem er einkennilegt þegar í hlut á flokkur sem sækist eftir því að vera stærsti flokkur landsins.

Enginn ætti að efast um að Þórdís Kolbrún og Áslaug Arna eiga hugmyndafræðilega meira sameiginlegt með forystu Viðreisnar en forystu Miðflokksins sem afturhaldsöflin í Sjálfstæðisflokknum eru stöðugt að viðra sig upp við. Það var ekki pláss fyrir Evrópusinna í Sjálfstæðisflokknum en þar er nægt rými fyrir fólk sem aðhyllist hugmyndafræði Donalds Trump og félaga. Það getur ekki verið auðvelt fyrir frjálslynda fólkið í Sjálfstæðisflokknum að horfa upp á þessi öfl reyna að yfirtaka flokkinn.

Mun flokksforysta Sjálfstæðisflokksins þola álagið og halda áherslum sínum eða fara á taugum? Baráttan heldur áfram og áhugafólk um pólitík fylgist spennt með, en um leið nokkuð furðu lostið. Enda stórmerkilegt að sjá Sjálfstæðismenn úr harðlínudeild flokksins í ofsafullum leiðangri gegn sínum eigin flokki. Óneitanlega koma upp í hugann hin fleygu orð snillingsins Oscars Wilde: „Allir deyða yndi sitt.“

**Það var ekki pláss fyrir Evrópusinna í Sjálfstæðisflokknum en þar er nægt rými fyrir fólk sem aðhyllist hugmyndafræði Donalds Trump og félaga.**

GERPLA

**Aðalfundur Íþróttafélagsins Gerplu verður haldinn í dag miðvikudaginn 28.ágúst**

Fundurinn fer fram í félagsaðstöðu Gerplu á annarri hæð í Versölum 3 og hefst 18:00.

Hefðbundin aðalfundarstörf
*Stjórn Gerplu*

**Ath.**
Fundurinn er pappírslaus, fundargögn má nálgast á netinu.

### Halldór




### Frá degi til dags

**Bjarnheiður Gore**
Bjarnheiður Hallsdóttir hjá SAF steig fram í gær og lýsti vanþóknun sinni á atriði rapparans Auðar á Menningarnótt. Það er, að hann skyldi rappa um að vera freðinn og í vímu þar sem börn heyrðu til. Kom það Bjarnheiði bersýnilega í opna skjöldu að rapptexti gæti fjallað um gras. Má segja að Íslendingar hafi eignast sína Tipper Gore. Varaforsetafrúin var áberandi undir lok síðustu aldar og vildi hún loka eyrum barna fyrir textum rappara og þungarokkara. Meðal annars kom hún því í gegn að sérstakir límmiðar voru settir á plötur: „PARENTAL ADVISORY EXPLICIT LYRICS.“ En það hafði þveröfug áhrif. Enginn rappari með sjálfsvirðingu hefði gefið út plötu án miðans.

**Kjötmann**
Stríð hefur blossað upp á milli grænkera og kjötæta um máltíðir skólabarna. Grænkerar gerðu harkalega árás á grunnskólana og kjötæturnar börðust í bökkum. En út úr myrkrinu steig hetja í blóðrauðum búningi, Kjötmann. Ekki hafa áhyggjur, Eyþór Arnalds er mættur á svæðið. Loksins hafa kjötætur eignast alvöru ofurhetju, beinmyljandi og mergsjúganda, því ekki var Ævar Austfjörð að trekkja mikið að. En hvað geta grænkerar gert til að stöðva slíka hetju? Mun Kálmann stíga fram eða verða grænkerar að safna í lið eins og Avengers? Við fylgjumst spennt með. **kristinnhaukur@frettabladid.is**

## Veröld sem (vonandi) verður



Ágúst Ólafur Ágústsson
alþingismaður Samfylkingarinnar

Hver hefði trúað fyrir nokkrum árum að stærstu efnisveitur heimsins myndu ekki búa til neitt efni sjálfar? Eða að eitt stærsta gistifyrirtæki í heimi ætti ekki eitt einasta herbergi og eitt stærsta leigubílafyrirtæki heims myndi ekki eiga einn einasta leigubíl? Og hver hefði trúað því að sumir stærstu fjárfestingarsjóðir heimsins ættu ekki krónu sjálfir?

En þetta á allt við í tilviki Facebook, Snapchat, Instagram, YouTube, Airbnb, Uber og Kickstarter. Þessi dæmi sýna vel hversu hratt hlutirnir geta breyst og hvað framtíðin er óútreiknanleg. Þessu til viðbótar. Hver hefði trúað fyrir nokkrum misserum að Trump yrði forseti Bandaríkjanna og Boris Johnson forsætisráðherra Bretlands?

Það er virkilega auðvelt að fara aftur á bak í stað þess að fara áfram veginn. Holl lesning þessa dagana er bók Stefan Zweig, Veröld sem var. Sérstaklega á tímum Trumps, Borisar og Pútíns ásamt þeim Bolsonaro í Brasilíu, Erdogan í Tyrklandi, Orban í Ungverjalandi, Conte og Salvini á Ítalíu og Duterte á Filippseyjum.

Á þessum tímum þarf Ísland að standa vörð um umburðarlyndi og frjálslyndi. Hvort tveggja er frelsi til athafna en einnig frelsi frá fátækt og fáfræði. Ef Íslendingar eru þekktir úti í hinum stóra heimi þá er það fyrir einstaka náttúrufegurð og menningarafrek. Menningarafrekin voru fyrst á sviði bókmennta, fyrir um þúsund árum, en núna eru þau helst á sviði tónlistar og sjónvarpsefnis (reyndar þarf hið opinbera að styrkja menninguna mun betur, til dæmis með margföldun sjónvarpssjóðs og tónlistarsjóðs).

En fyrir utan öfluga menningu getur Ísland líka orðið boðberi frjálslyndis og umburðarlyndis úti í heimi. Hins vegar geta slík gildi brostið og æ fleiri ríkisstjórnir eru farnar að ala á ótta, þjóðrembu og þrengja að réttindum fólks. Það er nefnilega hægt að fara í hina áttina, í átt til nýsköpunar, fjölmenningar og umburðarlyndis sem eru lykilorð í veröld sem verður, vonandi. Það er sú framtíð sem við eigum að skapa.

**Það er virkilega auðvelt að fara aftur á bak í stað þess að fara áfram veginn.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Sagan sönn um eignarlóðina á Akureyri



Hjörleifur Hallgríms Herbertsson

Viðtal við mig birtist í Fréttablaðinu 9. ágúst síðastliðinn vegna einkalóðar minnar að Aðalstræti 12b á Akureyri. Minjastofnun bannar mér að að grafa fyrir tveggja hæða húsi sem má rísa þar samkvæmt skipulagi og þar af leiðir að ég get ekki einu sinni selt lóðina. Það er bagalegt þar sem á lóðinni hvílir veð fyrir nokkurra milljóna skuld, sem fyrirtækið H. Hallgríms ehf. stendur fyrir sem eigandi að lóðinni.

Íslandsbanki, sem veðið á, hefur eðlilega ekki ótakmarkaða biðlund eftir greiðslu og trúi ég að hún sé nánast á enda. Minjastofnun stöðvar framkvæmdir á lóðinni á þeim forsendum að þar séu mögulega fornleifar. Þar eigi ég að borga uppgröft samkvæmt tölvupósti frá Ármanni Guðmundssyni fornleifafræðingi sem gróf stóran tilraunaskurð í lóðina með mínu leyfi. Síðar sendi hann mér fyrrgreindan tölvupóst um kostnað upp á eina milljón kr., sem ég ætti að borga vegna frekari uppgraftrar og á auðvitað ekki til.

Þar sem ég frétti aldrei hvað komið hefði út úr tilraunauppgreftrinum hringdi ég fyrir nokkru í téðan

**Það var án röksemda og bara apað upp úr bréfi frá Minjastofnun, sem hagar sér eins og ríki í ríkinu.**

Ármann og spurði hvað hefði komið út úr fornleifauppgreftrinum í lóð minni. Svarið var: „Það fannst ekkert og getur verið að ekki hafi verið grafið á réttum stað.“ Svo mörg voru þau orð. Ég vil vitna í greinargerð í 12 liðum frá Jóni Hjaltasyni sagnfræðingi, sem skrifað hefur sögu Akureyrar allt frá árinu 1860, en í tólfta lið greinargerðarinnar segir hann: „Niðurstaðan er því sú að ég er 99,9% viss um að á lóðinni Aðalstræti 12b finnast engar fornleifar sama hversu ítarlega væri leitað og grafið.“ Að lokum vil ég minnast á bókina Akureyri – Fjaran og Innbærinn, byggingarsaga sem Hjörleifur Stefánsson sá um hönnun og uppsetningu á en þar er hvergi getið um leyndar fornminjar. Ætti sá merki maður að hafa nokkuð til síns máls. Sterklega má því álykta að hér fari Minjastofnun offari og vill vegar.

Daginn eftir viðtalið við mig, þann 10. ágúst, birtist lítil grein einnig í þessu blaði með yfirskriftinni „Ráðuneytið búið að svara Hjörleifi“, eignuð frú Lilju, ráðherra mennta- og menningarmála. Greinin inniheldur gamalt stef, sem kunnuglegt er úr bréfi sem ég fékk frá ráðuneytinu þar sem vísað var til þess að ég geti fengið lán til að kosta uppgröft úr lóðinni. Það var án röksemda og bara apað upp úr bréfi frá Minjastofnun, sem hagar sér eins og ríki í ríkinu. Það sækir að mér depurð yfir því að frú Lilja ráðherra gefi sér ekki tíma til að fara efnislega yfir málið því hún er sá ráðherra sem borið hefur af í þessari ríkisstjórn fyrir dugnað og afköst og gert góða hluti fyrir menntun og menningu.

Ef ég missi lóðina telja fróðir menn að ég muni verða af um 15-20 milljónum eftir aðstæðum, hvernig byggt yrði, og þar í liggja of miklir fjármunir til að tapast fyrir ellilífeyrisþega.

# Kolefnisfótsporið við að flytja lambahryggi 17.197 km leið



Guðni Ágústsson
fyrrverandi ráðherra

Nú hafa menn áróðurs og græðgi afrekað það að flytja lambakjöt frá Nýja-Sjálandi til Íslands yfir hálfan hnöttinn. Hér kjöftuðu upp skortstöðu þeir Ólafur Stephensen og Andrés Magnússon og landbúnaðarráðherra gaf þeim fyrirheit um að við þessu yrði brugðist, fyrirheit sem hann varð að hætta við og svíkja þá um, hvað eftirgjöf á tollum varðar. Málið strandaði í ríkisstjórninni. Mikið er talað um matarsóun, kolefnisfótspor og að bjarga jörðinni frá ofhitnun og dauða. Við eigum á Íslandi einstaka auðlind í villibráð sem gengur í guðsgrænni náttúrunni allt sumarið, blessuð lömbin, og flest heimili vilja alls ekki að lambakjöt sé flutt hingað erlendis frá og bændurnir eru gæslumenn byggðanna og gera þær blómlegar. Íslenskir bændur þjóna sínum neytendum einstaklega vel með heilbrigðar matvörur og margir segja að hvergi í veröldinni setjist fjölskyldan að jafn öruggu matborði og hér. Nú auglýsir verslun ein frosna hryggi frá Nýja-Sjálandi komna alla þessa leið, að ríkið fái 40% af þessu gamla kjöti í sinn hlut.

Ég vil biðja ágætan umhverfisráðherra, Guðmund Inga Guðbrandsson, að reikna út kolefnisfótsporið af því að flytja hingað 100 tonn af lambakjöti frá Nýja-Sjálandi sem mun enn fremur valda matarsóun. Ég veit og finn að íslenskir neytendur kæra sig ekki um þetta stríð

**Gerum kröfu um að allt kjöt sé upprunamerkt og þessu nýsjálenska kjöti verði ekki umpakkað og selt sem íslenskt, í raun þannig smyglað inn á markaðinn.**

og biðja um íslenskt lamb á diskinn sinn. Þarna eru gerð hastarleg mistök og kaupmenn hringinn í kringum landið munu ekki vilja selja annað en íslenska lambið. Ég skora á bændur, neytendur, kaupmenn og sláturleyfishafa að hefja þegar undirbúning að samvinnu til að svona gerist aldrei aftur. Gerum kröfu um að allt kjöt sé upprunamerkt og þessu nýsjálenska kjöti verði ekki umpakkað og selt sem íslenskt, í raun þannig smyglað inn á markaðinn. Ég bið umhverfisráðherra að blanda sér í þessa umræðu og láta reikna út kolefnissporið af svona gerræði.

JAGUAR LAND ROVER

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



**BMW M2**
Nýskr. 2/2017, ekinn 21 þús. km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 9.890.000 kr.**
Rnr. 420140.



**LAND ROVER Discovery 5 HSE Luxury 3.0 TDV6**
Nýskr. 6/2017, ekinn 57 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 12.290.000. kr.**
Rnr. 420196.




**LAND ROVER Discovery 5 HSE**
Nýskr. 8/2018, ekinn 9 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 12.990.000 kr.**
Rnr. 145994.



**AUDI SQ5 TDI**
Nýskr. 5/2015, ekinn 54 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.890.000 kr.**
Rnr. 420171.



**RANGE ROVER SPORT HSE Dynamic 3.0 SDV6**
Nýskr. 1/2016, ekinn 58 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 10.890.000 kr.**
Rnr. 103888 .




**RANGE ROVER VELAR S**
Nýskr. 2/2019, ekinn 2 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 11.290.000 kr.**
Rnr. 420114.



**RANGE ROVER Evoque HSE**
Nýskr. 5/2016, ekinn 41 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.380.000 kr.**
Rnr. 450020.



**JAGUAR F-PACE R sport**
Nýskr. 6/2017, ekinn 60 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
**Verð 7.990.000 kr.**
Rnr. 153725.

ENNEMM / SÍA / NM95379

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

# KSÍ kannar stöðuna með VAR

**Knattspyrnuáhugamenn hér heima kalla reglulega eftir því að dómarar sem dæma í deildarkeppnum hérlendis eigi möguleika á því að notast við myndbandsdómgæslu eins og tíðkast í stærstu deildum heims. Þá hafa dómarar kallað eftir því að íslenskir dómarar fái þessa aðstoð við að dæma leikina hér heima og reynslu í að nota þessa tækni.**



VAR var tekið upp á Englandi fyrir þetta tímabil. Það hefur hlotið nokkra gagnrýni og við nokkra byrjunarörðugleika hefur verið að etja. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Það var líf og fjör í 18. umferð Pepsi Max deildar karla í knattspyrnu sem lauk á mánudagskvöldið síðastliðið. Eins og gengur og gerist settust menn á rökstóla á kaffistofum og ræddu ákvarðanir dómara leikjanna eftir að umferðinni lauk.

Mest var rætt um þá ákvörðun Helga Mikaels Jónssonar og dómarateymis hans að dæma mark Stjörnumannsins Þorsteins Más Ragnarssonar af í leik liðsins gegn Val, leik sem ræður miklu um baráttu liðanna um að komast í Evrópudeildina á næstu leiktíð.

Einn angi umræðunnar er sá hvort ekki sé nauðsynlegt að dómarar sem dæmi leiki í efstu deildum karla og kvenna í knattspyrnu hafi möguleika á að notast við myndbandsdómgæslu (VAR) við störf sín.

Guðni Bergsson, formaður Knattspyrnusambands Íslands, KSÍ, segir vilja innan sambandsins til að innleiða kerfið hér á landi. Hins vegar verði að líta til þess að það sé kostnaðarsamt og aðkomu evrópska knattspyrnusambandsins, UEFA, þurfi til þess að slíkt verði mögulegt.

### VAR er möguleiki á Íslandi

„Við erum að kanna það hjá KSÍ hvort einhver flötur sé á því að notast við VAR í deildarkeppninni hér heima. Málið er á frumstigi og við erum þessa stundina að meta hvað það myndi kosta að innleiða VAR. Þegar kostnaðurinn liggur fyrir verður farið í það að meta hvort það sé raunhæft fyrir deildarkeppni af stærðargráðu íslensku deildanna að notast við slíka tækni. Það er ekki mögulegt að setja neinn tímaramma um það hvenær hægt sé að búast við VAR hérlendis en málið verður skoðað í vetur með það í huga að taka kerfið upp næsta sumar,“ segir Guðni í samtali við Fréttablaðið.

„Það er alveg ljóst að við þurfum fjárhagslegan stuðning frá UEFA til þess að þetta geti orðið að veruleika. Hvað þetta verkefni varðar eru lítil sem engin samlegðaráhrif af því að fara í samstarf við Norðurlöndin eða aðrar þjóðir. Þetta er enn nýtt af nálinni í heimsfótboltanum og skiptar skoðanir um hvernig til hefur tekist með framkvæmdina. Það hefur verið mismunandi eftir mótum og deildarkeppnum hvernig til hefur tekist. Til að mynda var ekki ánægja að öllu leyti með hvernig til tókst á HM kvenna í sumar og í Suður-Ameríkubikarnum.

Þá hafa komið upp kvartanir um það hversu langan tíma taki að komast að niðurstöðu og hversu illa upplýstir áhorfendur séu um framvindu mála. Enska úrvalsdeildin er til að mynda bara nýfarin að notast við þessa tækni og við verðum að átta okkur á þeim mun sem er á fjárhagslegu bolmagni þeirrar deildar og deildanna hér heima til þess að bæta umgjörð leikjanna. Flestir eru hins vegar á því að VAR verði til þess að fækka röngum ákvörðunum og bæta fótboltann þannig að við verðum að fylgja þeirri þróun og af þeim sökum erum við að kanna málið,“ segir hann enn fremur um framtíðarhorfur hvað innleiðingu VAR snertir.

### Hefur ekki áhyggjur

Þóroddur Hjaltalín, formaður dómaranefndar KSÍ, sagði í samtali við útvarpsþáttinn fótbolta.net á X-inu í lok júní fyrr í sumar að VAR væri möguleiki fyrir Pepsi Max deildina á næstu misserum. Þar kom fram í máli Þórodds að UEFA hefði þróað VAR-tækni þar sem þarf aðeins að lágmarki fjórar myndavélar en stórar útsendingar á Stöð 2 Sport eru vanalega með fimm myndavélar.

Þóroddur segir aukinheldur í viðtalinu að hans skoðun sé sú að ekki sé heillavænlegt að taka upp séríslenskt VAR líkt og þekkist í handbolta og körfubolta hér á landi. Hann fór fyrr á þessu ári að ræða við UEFA því ferlið er langt og strangt. Það tekur marga mánuði að þjálfa upp VAR-dómara að sögn Þórodds en að hans mati verður VAR ekki tekið upp á Íslandi nema í samstarfi við rétthafa því það þarf að þjálfa upp tæknimenn, eins og dómara.

Þá hafði Þóroddur einnig áhyggjur af því að íslenskir alþjóðlegir dómarar fái ekki verkefni þar sem VAR er í notkun sem útilokar þá frá stærri leikjum á alþjóðlegum vettvangi. Það þurfi reynslu og þekkingu til þess að geta dæmt leiki á hæsta gæðastigi þar sem VAR er notað. Guðni segir aftur á móti að hann hafi hvorki orðið þess var hjá UEFA að þeir þrýsti á að Ísland innleiði VAR í íslensku deildarkeppnina né að íslenskir dómarar fái ekki verkefni á vegum sambandsins vegna þess að ekki sé notast við VAR hér heima.

hjorvaro@frettabladid.is

> **Það er ekki mögulegt að setja neinn tímaramma um það hvenær hægt sé að búast við VAR hérlendis en málið verður skoðað í vetur með það í huga að taka kerfið upp næsta sumar.**
>
> Guðni Bergsson, formaður KSÍ



## Breyttir dómar fortíðarinnar

### 1981
### Víkingur - KA

Í 2-1 sigri Víkinga á KA 1981 gerðist undarlegt atvik. Róbert Jónsson dómari breytti þá marki Gunnars Gíslasonar í óbeina aukaspyrnu fyrir brot. Í umfjöllun Morgunblaðsins segir að KA hafi fengið hornspyrnu. Erlingur Kristjánsson hafi ætlað að skalla að marki en liðsmaður Víkinga hafi farið hátt með fótinn. Flautaði Róbert en boltinn barst til Gunnars sem þrumaði í netið. Róbert benti þá á miðjuna og flautaði mark. KA-menn fögnuðu en Víkingarnir voru eðlilega ekki mjög kátir. Mótmæltu þeir ákaflega og fór svo, að Róbert breytti dómi sínum í óbeina aukaspyrnu. Að sögn Morgunblaðsins þrumaði Gunnar svo úr henni og beint í höndina á leikmanni Víkings en Róbert lét leikinn halda áfram.



**Víkingarnir frekar heppnir**
– en furðuleg dómgæsla því miður eftirminnilegasta atvikið

Víkingur – KA 2:1

● KA í sókn, Ásbjörn Björnsson og Ómar Torfason kljást um knöttinn með miklum tilþrifum.



**„Markið var ólöglegt“**
— sagði Magnús Bergs um fyrra markið sem Wales skoraði

### 1984
### Wales - Ísland

Línuvörðurinn lyfti flaggi sínu í aðdraganda fyrra marks Wales í 2-1 tapi Íslands enda var brotið gróflega á Magnúsi Bergs. En línuvörðurinn setti flaggið niður og skipti um skoðun. Magnús Bergs lýsti atvikinu í viðtali við DV árið 1984. „Boltinn var gefinn fyrir markið og einn sóknarmanna hrinti mér til þess að geta skallað knöttinn yfir mig. Það hefði alls staðar i heiminum verið dæmt á þetta. Línuvörðurinn sýndi þarna að hann er gunga og gaf þeim hreinlega markið.“



hver.
**Grundarfjörður-Snæfell 1-5 (0-2)**
Leikurinn var mjög harður. Tveir leikmenn Snæfells fengu að sjá gula spjaldið og einn það rauða. Einn heimamanna fékk áminningu. Dómgæslan í leiknum var slök að mati Snæfellinga. Til að mynda dæmdi dómarinn í eitt skiptið mark en breytti dómi sínum eftir mótmæli frá leikmönnum Grundarfjarðar. Rafn Rafnsson, Pétur Rafnsson, Jón Ísleifsson, Egill Ragnarsson og Sigurður Sigurðsson skoruðu mörk Snæfells en Kristmundur Árnason skoraði fyrir

### 1986
### Grundarfjörður - Snæfell

Grannarnir öttu kappi í fjórðu deildinni 1986 og vann Snæfell á útivelli 1-5. Í umfjöllun Morgunblaðsins segir að dómgæslan í leiknum hafi verið slök að mati gestanna. „Til að mynda dæmdi dómarinn í eitt skiptið mark en breytti dómi sínum eftir mótmæli frá leikmönnum Grundarfjarðar.“ Svo mörg voru þau orð.




# Alvaran hefst annað kvöld

Íslenska kvennalandsliðið var með opna æfingu á Laugardalsvelli fyrir fyrsta leikinn í undankeppni EM í gær. Ernir Eyjólfsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, smellti af þessum myndum á æfingunni.













# FULLKOMINN DJÚPSVEFN

## Með Kally heilsukoddanum

Kally heilsukoddinn er þróaður í samráði við breska osteópata og svefnráðgjafa og er byltingarkennd nálgun í svefnlausnum. Búið er að endurhanna hinn klassíska meðgöngukodda sem barnshafandi konur hafa þekkt í áraraðir með bómull í hæsta gæðaflokki. Hann tryggir að þú upplifir góðan djúpsvefn og það þarf varla að taka fram hversu mikilvægur hann er!






Kally Sleep hefur í áraraðir sérhæft sig í byltingarkenndum svefnlausnum sem hjálpa viðskiptavinum að upplifa góðan djúpsvefn. Allar vörur Kally Sleep eru þróaðar og hannaðar í samráði við færustu sérfræðinga á sviði svefnráðgjafar og eru einungis framleiddar úr hágæða efnum fyrir hámarks þægindi.

**Kally heilsukoddinn fæst á boxid.is og í verslunum Super 1.**

BOXID SUPER 1

Kally Sleep®

Sleep Innovations, Styled Around You.

www.kallysleep.com

## Merkisatburðir

**1850** Óperan Lohengrin eftir Richard Wagner frumsýnd.

**1913** Friðarhöllin í Haag er formlega opnuð.

**1967** Tólf manna áhöfn Stíganda frá Ólafsfirði er bjargað eftir rúmlega fjögurra sólarhringa hrakninga í björgunarbát.

**1971** Hróarskelduhátíðin er sett í fyrsta skipti.

**1981** Hallgrímur Marinósson lýkur ferð sinni umhverfis landið á tíunda degi, eftir að hafa ekið aftur á bak alla leiðina.

**1982** Pönktónleikarnir Melarokk eru haldnir í Reykjavík.

**1986** Útvarpsstöðin Bylgjan er fyrst frjálsra stöðva til að hefja útsendingar eftir að einkaréttur Ríkisútvarpsins er afnuminn.

**1988** Mikið tjón verður á mannvirkjum á Ólafsfirði og tvö hundruð manns þurfa að rýma hús sín vegna skriðufalla eftir miklar rigningar.

**1996** Karl Bretaprins og Díana prinsessa skilja.



✝

Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi,

**Þráinn Haraldsson**

lést fimmtudaginn 22. ágúst.
Útför verður frá Lindakirkju
þriðjudaginn 3. september kl. 13.00.

**Haraldur Helgi Þráinsson**
**Harpa Tómasdóttir**
**Unnur Helga Haraldsdóttir**



✝

Elsku móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma
og langalangamma,

**Magnea Soffía Hallmundsdóttir**
myndhöggvari,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk
miðvikudaginn 21. ágúst. Útför hennar fer fram frá
Selfosskirkju mánudaginn 2. september kl. 15.00.
Hjartans þakkir til starfsfólksins í Mörk fyrir kærleiksríka
umönnun hennar undanfarin ár.

**Hrefna S. Einarsdóttir** **Egill Þ. Einarsson**
**Logi Már Einarsson** **Sólveig Viðarsdóttir**
**og allir yngri afkomendur, stórir og smáir.**



✝

Elskulegi eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Friðrik Þór Einarsson**
Raufarhöfn,

sem lést á Skógarbrekku hjúkrunardeild
HSN föstudaginn 23. ágúst, verður
jarðsunginn frá Raufarhafnarkirkju
laugardaginn 14. september kl. 14.00.

***Rósa Lilja Þorsteinsdóttir***
**Guðný Sigrún Baldursdóttir** **Jón Eiður Jónsson**
**Þór Friðriksson** **Sigrún Hrönn Harðardóttir**
**Olga Friðriksdóttir** **Ragnar Axel Jóhannsson**
**Berglind Mjöll**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

***Jóhanna Dóra Rebekka Jóhannesdóttir***
Klapparhlíð 1,
Mosfellsbæ,

er látin. Útför hennar fer fram frá
Guðríðarkirkju mánudaginn 2. september klukkan 13.00.

***María Kristjánsdóttir***
***Soffía Haraldsdóttir***
***Ólafur Helgi Haraldsson***
***Hrafnhildur Haraldsdóttir***
***Jóhannes Snævar Haraldsson***
***Gunnsteinn Haraldsson***
***tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.***



**Ólafur í skúrnum. „Ef ég hengi ekki áhöldin upp á vegg þá týni ég þeim," segir hann kíminn.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Smíðaði sér áhöld sjálfur

**Í tilefni níræðisafmælis Ólafs Andrésar Guðmundssonar opnuðu afkomendur hans yfirlitssýningu á smíðisgripum hans að Flatahrauni 3 í Hafnarfirði sem stendur út vikuna.**

Ólafur Andrés Guðmundsson er völundarsmiður, bæði á tré og járn. Sýningin sem stendur yfir í Hraunseli, húsnæði eldri borgara í Hafnarfirði, nefnist Úr skúrnum en við Stefán ljósmyndari byrjum á að fara í skúrinn og hitta Ólaf þar. Hann er reyndar ekki í vinnugallanum, enda á leið á sýninguna að hitta mann og annan, en í skúrnum eru verkfærin hans, sem hann hefur sum hver smíðað sjálfur, og þar verða hlutirnir til.

Ólafur kveðst ungur hafa byrjað að fást við smíðar. „Ég smíðaði litlar flugvélar þegar ég var strákur," segir hann brosandi. „Svo hafði ég það embætti sem krakki í skóla að tálga blýanta fyrir kennarann." Hann kveðst hafa verið svolítið til sjós með föður sínum á bátnum Hermóði og tekið bæði mótoristapróf og stýrimannsréttindi. „En rennismíði var mín uppáhaldsiðja og ég var tíu ár að vinna í Vélsmiðjunni Hamri í Reykjavík þar sem ég lærði þá grein. Svo flutti ég í Hafnarfjörð og var önnur tíu ár í Vélsmiðjunni Kletti og fimm í Vélsmiðju Jóhanns Ólafs."

Nú erum við komin í Hraunsel þar sem höfundarverk Ólafs blasir við og birtir hans einstaka hagleik. Einnig ber sýningin vott smekkvísi þeirra sem settu hana upp. Myndir á veggjum segja sögur, til dæmis af aldagömlum kertastjökum í Bessastaðakirkju sem innbrotsmaður skemmdi en Ólafur gerði við.

„Það komu um 300 manns á sýninguna í gær, á afmælinu mínu, á svona tveimur og hálfum tíma," segir listamaðurinn. „Einstaka sögðust ætla að koma aftur, það gefst ekkert næði til að skoða neitt í svona mannmergð." Hann er ánægður með hvernig hlutunum er komið fyrir. „Ég slapp við alla vinnuna, nema hvað ég þurfti að safna mununum víða að af landinu, frá Ísafirði, Akureyri og víðar. Ég á ekkert af þessu sjálfur en frúin á eitthvað smávegis og svo börn og barnabörn, hér eru til dæmis flugvélar sem ég hef tálgað fyrir barnabörnin."



**Tafl sem barnabarn Ólafs fékk frá honum í fermingargjöf. Forláta kassi fylgir með.**



**Viti með ljósi er það nýjasta úr smiðju Ólafs, hann er með nokkra í vinnslu.**



**Kría á leið með síli til að fóðra unga á.**

Þarna eru bæði stórir smíðisgripir og smáir, sumir jafnvel örsmáir eins og ermahnappar og nælur. Aðrir stærri, beislisstangir, laufabrauðsjárn, kertastjakar, vasapelar. Virðulegir munir sem tilheyra Oddfellowreglunni eru út við vegg, þá hefur Ólafur rennt og einnig smíðað kassa utan um þá.

Í sýningarskránni kemur fram að Ólafur fór til Noregs að mennta sig í kennslufræðum og er með meistararéttindi í vélvirkjun. Hann starfaði við uppbyggingu málmiðnaðardeildar við Iðnskólann í Hafnarfirði og starfaði þar við kennslu til 1996, er hann hætti sökum aldurs.

„Svo tók bílskúrinn við og þar er hann enn," stendur þar. **gun@frettabladid.is**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 28. ágúst 2019

31. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Ég er í grunninn áhættufælinn

Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi og stjórnarformaður Icelandair Group, segir að bílasala muni dragast saman um 35-40 prósent í ár. Í fyrra var metár í bílasölu. Toyota hafi ekki skorið niður starfsemina heldur ætli að vera reiðubúið þegar bílasala eykst á nýju ári. Grunnvandi Icelandair felist ekki í háum launum heldur nýtingu starfsfólks, einkum flugáhafna. » 6

Lífið er ekki bein lína sem hallar upp á við heldur þarf stöðugt að halda áfram þótt á móti blási.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



»2

## Heimilin sækja mjög í breytilega vexti

Algjör viðsnúningur hefur orðið á því hvers konar lánavexti heimili landsins sækja í. Mikill meirihluti nýrra óverðtryggðra útlána banka er nú á breytilegum vöxtum. Vaxtabreytingar Seðlabankans hafa því meiri áhrif á heimilin.

»4

## Klýfur markaðinn í tvennt

Boðaðar breytingar á verðtryggingunni munu veikja verðmyndun vaxta. Hagfræðingur segir hættu á að bankar muni eiga erfitt með að fjármagna fasteignalán á nýrri vísitölu og því verði lánskjör verri.

»10

## Einokunarsalar

„Ef fyrirhugaðar breytingar þjóna engum samfélagslegum tilgangi, hvaða ályktun má draga aðra en þá að hér sé verið að gæta hagsmuna fámennrar stéttar?“ spyr Agla Eir Vilhjálmsdóttir, sérfræðingur á lögfræðisviði Viðskiptaráðs, um frumvarp um einkarétt fasteignasala á sölumeðferð fyrirtækja.




# Eftirlaunasjóður Boeing með hálft prósent í Arion

Eftirlaunasjóður starfsmanna bandaríska flugvélaframleiðandans Boeing er á meðal þrjátíu stærstu hluthafa Arion banka með eignarhlut að jafnvirði tæplega 600 milljóna króna. Þetta má lesa út úr lista yfir alla hluthafa bankans á miðvikudag í síðustu viku, sem Markaðurinn hefur séð, en sjóðurinn er með sem nemur rúmlega 0,4 prósenta hlut í Arion.

Þá er eftirlaunasjóður starfsmanna í Los Angeles-borg með um 0,36 prósenta hlut í bankanum. Miðað við núverandi hlutabréfaverð Arion banka er sá hlutur metinn á um 500 milljónir króna.

Fjárfestingarsjóður í stýringu bandaríska eignastýringarfyrirtækisins Principal Global Investors, sem er með eignir í stýringu að fjárhæð samtals um 450 milljarðar Bandaríkjadala, er tuttugasti stærsti hluthafi Arion banka en sjóðurinn á rúmlega 15,2 milljónir hluta í bankanum, jafnvirði um 1.150 milljóna króna. Sá eignarhlutur skilar sjóðnum ekki á opinberan lista yfir alla þá hluthafa sem eiga eitt prósent eða meira í bankanum en hlutur Principal Global nemur um 0,84 prósentum.



Sé litið yfir fimmtíu stærstu hluthafa Arion banka nemur samanlagður eignarhlutur erlendra fjárfesta tæplega 55 prósentum. Stærstu hluthafar bankans eru sem kunnugt er bandarísku vogunarsjóðirnir Taconic Capital með ríflega 23,5 prósenta hlut og Och-Ziff Capital sem fer fyrir 9,25 prósenta hlut.

Aðrir erlendir fjárfestingarsjóðir sem má finna á lista yfir alla hluthafa bankans, með á bilinu um 0,23 til 0,62 prósenta hlut, eru sjóðir í stýringu bandaríska vogunarsjóðsins 683 Capital Management, sænska eignastýringarfyrirtækisins Lannebo, breska vogunarsjóðsins Toscafund Asset Management, sænska bankans SEB og bandaríska fjárfestingarrisans Blackstone.

Hlutabréfaverð Arion banka hefur hækkað um tæplega sjö prósent frá áramótum. Gengi bréfa bankans stóð í 75,3 krónum á hlut við lokun markaða í gær og er markaðsvirði Arion um 137 milljarðar króna. **– hae**

**7%**

**er hækkun hlutabréfaverðs Arion banka frá áramótum.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.,** Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

## Próf í verðbréfaviðskiptum 2019-2020

Prófnefnd verðbréfaviðskipta stendur fyrir prófum í verðbréfaviðskiptum veturinn 2019-2020 sem hér segir: Próf í I. hluta verða haldin 28., 30. október og 4. nóvember 2019, próf í II. hluta 27. og 29. janúar og 5. febrúar 2020 og próf í III. hluta 4., 6., 11. og 13. maí 2020. Um prófin fer samkvæmt reglugerð nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum, með áorðnum breytingum.
Vakin er athygli á að próf í verðbréfaviðskiptum verða ekki haldin nema að a.m.k. 10 manns hafi skráð sig í próf, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2003 um próf í verðbréfaviðskiptum. Sama á við um haustpróf 2020. Öllum er heimilt að skrá sig til verðbréfaviðskiptaprófs.

Prófnefnd verðbréfaviðskipta tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr og semur prófsefnislýsingu, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 633/2003. Í prófsefnislýsingu greinir jafnframt upplýsingar um leyfileg hjálpargögn í prófum o.fl., en lýsinguna má nálgast á vefsíðu fjármála- og efnahagsráðuneytis, https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/profnefnd-verdbrefavidskipta/.
Lengd hvers prófs er allt að 4 klukkustundir. Um undanþágur frá töku prófa fer skv. 4. og 6. gr. reglugerðar nr. 633/2003. Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfaviðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þreytt og skal próftaki hafa lokið öllum nauðsynlegum prófum með fullnægjandi árangri innan þriggja ára frá því að hann tók fyrsta prófið. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0.
Nánari upplýsingar um verðbréfaviðskiptapróf má nálgast á fyrrgreindri vefsíðu prófnefndar.

Próftökum verður tilkynnt um nákvæmari tíma- og staðsetningu er nær dregur prófunum, sem þreytt verða í húsakynnum á vegum Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík.

Skráning í prófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans http://www.ru.is/opnihaskolinn/prof-i-verdbrefamidlun/. Próftakar verða að hafa skráð sig og greitt prófgjald minnst tíu dögum fyrir sérhvert próf.

Prófgjald verður auglýst síðar á vefsíðu prófnefndar https://www.stjornarradid.is/raduneyti/nefndir/profnefnd-verdbrefavidskipta/.

*Reykjavík, 28. ágúst 2019*
*Prófnefnd verðbréfaviðskipta*



Fastir vextir voru mun vinsælli valkostur framan af vetri eða allt þangað til í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Heimilin sækja frekar í breytilega vexti

**Algjör viðsnúningur hefur orðið á því hvers konar lánavexti heimili landsins sækja í. Mikill meirihluti nýrra óverðtryggðra útlána banka er nú á breytilegum vöxtum. Vaxtabreytingar Seðlabankans hafa þannig meiri áhrif á heimilin.**

Síðustu mánuði hefur hlutfall lána á breytilegum óverðtryggðum vöxtum aukist verulega og fastir vextir hafa gefið hratt eftir. Sérfræðingur hjá Arion banka segir að með fleiri lán á breytilegum vöxtum sé Seðlabankinn í betri stöðu til að ýta undir hagvöxt með beitingu stýrivaxta.

„Því fleiri heimili sem velja breytilega vexti umfram fasta vexti, þeim mun meiri áhrif hafa vaxtaákvarðanir Seðlabankans á heimilisbókhaldið. Seðlabankinn er þannig í betri stöðu til að kæla hagkerfið eða ýta undir hagvöxt,“ segir Gunnar Bjarni Viðarsson, sérfræðingur í greiningardeild Arion banka, í samtali við Markaðinn.

Frá því að lífskjarasamningurinn var undirritaður í byrjun apríl og út júlímánuð hafa ný óverðtryggð útlán íslensku viðskiptabankanna numið tæplega 26,6 milljónum króna og þar af voru 21,2 milljarðar á breytilegum vöxtum. Hlutfall breytilegra vaxta nam því 79,8 prósentum á tímabilinu.

Ef horft er til síðustu sex mánaðanna fyrir lífskjarasamninginn námu útlánin 59,1 milljarði króna og þar af voru 46 milljarðar á föstum vöxtum, eða um 77,9 prósent af heildinni. Þannig hafa hlutföllin á milli lána á breytilegum og föstum vöxtum snúist við í kringum undirritun kjarasamninga í vor.

Fastir vextir voru mun vinsælli valkostur framan af vetri eða allt þangað til í febrúar þegar hlutfallið varð jafnt. Það hélst nokkuð jafnt fram í maí þegar eftirspurn eftir breytilegum vöxtum jókst til muna.

Munurinn var sérstaklega mikill í júní og júlí en þá námu ný óverðtryggð útlán á breytilegum vöxtum samtals 12,4 milljörðum. Fjárhæð sömu lána á föstum vöxtum var neikvæð um 380 milljónir á tímabilinu sem þýðir að uppgreiðsla slíkra lána var meiri en lántaka. Það hefur ekki gerst síðan sumarið 2017.

Gunnar Bjarni segir að gangur hagkerfisins síðustu misseri geti skýrt þennan viðsnúning að einhverju leyti.

„Mig grunar að umræðan eftir fall WOW og undirritun lífskjarasamningsins, og væntingar um lækkandi stýrivexti hafi ýtt við fólki til að taka breytilega vexti frekar en fasta,“ segir Gunnar Bjarni.

„Sem er alls ekki óskynsamlegt í umhverfinu sem við erum í núna. Greiningardeildir bankanna hafa allir spáð því að Seðlabankinn muni lækka um 25 punkta og miðað við umræðuna er ekki skrýtið að fólk sé að velja breytilega vexti umfram fasta,“ segir hann en í dag kynnir Seðlabankinn vaxtaákvörðun sína.

Gunnar Bjarni bætir við að eftir veikingu krónunnar í vetur hafi gengið róast og haldist á stöðugu verðbili síðan kjarasamningar voru undirritaðir. Stöðugt gengi geti hafa róað lántakendur. Þá segir hann að tölurnar bendi til þess að heimilin fylgist náið með gangi hagkerfisins. Mjög jákvætt sé að umræðan og væntingar um þróun vaxta hafi áhrif á ákvarðanir heimilanna.

„Síðan verður áhugavert hvernig þróunin verður næstu misseri. Með hverri lækkun stýrivaxta minnka líkur á frekari lækkunum. Fastir vextir lækka væntanlega einnig með lækkun stýrivaxta og þá ætti að auka hvata til að festa vexti á ný.“

**thorsteinn@frettabladid.is**

**Ný lán bankanna til heimila með veði í fasteign**
nettó (í milljörðum króna)




# Lífeyrissjóðir bættu við sig í Högum

Íslenskir lífeyrissjóðir keyptu að langstærstum hluta bréf FISK-Seafood, dótturfélags Kaupfélags Skagfirðinga, í Högum þegar útgerðarfélagið seldi allan 4,6 prósenta hlut sinn í smásölurisanum í síðustu viku fyrir samtals 2,3 milljarða króna. Sé litið yfir nýjan lista yfir 20 stærstu hluthafa Haga eiga lífeyrissjóðir orðið samanlagt um 63 prósenta hlut í félaginu.

Samhliða sölu sinni í Högum, á samtals 55,5 milljónum hluta á genginu 41,5 krónur á hlut, keypti FISK-Seafood nær allan eignarhlut Gildis lífeyrissjóðs í Brimi, áður HB Granda, eða 8,3 prósenta hlut, fyrir um fimm milljarða króna. Fyrir hlut sinn í Brimi fékk Gildi meðal annars afhentar 25 milljónir hluta í Högum og nemur eignarhlutur lífeyrissjóðsins núna 14,56 prósentum.

Aðrir lífeyrissjóðir sem bættu við sig í Högum í liðinni viku, eins og lesa má úr nýjum lista yfir stærstu hluthafa, voru Festa en sjóðurinn keypti 9,5 milljónir hluta og fer núna fyrir rúmlega 3,8 prósenta hlut í félaginu. Þá bætti Birta lífeyrissjóður, sem er fimmti stærsti hluthafi Haga, við sig 5,3 milljónum hluta auk þess sem lífeyrissjóðirnir Stapi og Lífsverk juku einnig litillega við hlut sinn. Samtals bættu þessir lífeyrissjóðir við sig rúmlega 43 milljónum hluta í smásölurisanum. Það jafngildir um 1.800 milljónum króna sé miðað við gengið 41,5 í viðskiptunum við FISK-Seafood á mánudag í síðustu viku.

Frá því að viðskiptin gengu í gegn hefur hlutabréfaverð Haga lækkað um tæplega fimm prósent og stóð í 39,5 krónum á hlut við lokun markaða í gær. Frá áramótum hefur gengi bréfa Haga lækkað um fjórtán prósent. **– hae**

**5%**

**nemur lækkun hlutabréfaverðs Haga frá því að FISK-Seafood seldi hlut sinn.**

VOLVO

VOLVO XC JEPPARNIR

# HANNAÐIR FYRIR ÞIG

Það er ekki hægt að hanna einn jeppa sem hentar öllum. Þess vegna hönnuðum við þrjá. XC jepparnir eru hannaðir fyrir útivistina, íþróttirnar, dagsins önn, tónlistina, ferðalagið, fjölskylduna og með okkar sýn á lúxus – hver á sinn hátt. Allir eru þeir hannaðir fyrir þig og þinn lífstíl.

**Veldu þinn Volvo XC jeppa**




brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfði 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

# Myndu kljúfa markaðinn í tvennt

**Fyrirhugaðar breytingar á verðtryggingunni munu veikja verðmyndun vaxta. Hagfræðingur segir hættu á að bankar muni eiga erfitt með að fjármagna fasteignalán á nýrri vísitölu og því verði lánskjör verri.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is





Stjórnvöld skuldbundu sig til að leggja fram frumvarp um breytingu á verðtryggingunni þegar skrifað var undir lífskjarasamninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nái frumvarpið um breytingu á lögum um verðtrygginguna fram að ganga má búast við að fjármögnun lánastofnana á verðtryggðum fasteignalánum verði erfiðari og lánskjör verri. Lögin myndu kljúfa markaðinn fyrir verðtryggðar skuldbindingar í tvennt, grynnka hann og þannig veikja verðmyndun, að mati hagfræðings Samtaka fjármálafyrirtækja. Grynnri markaður muni að öllum líkindum þýða hærri vexti á verðtryggðum skuldbindingum.

Fjármálaráðuneytið birti í sumar drög að frumvarpinu sem er hluti af skuldbindingum stjórnvalda vegna lífskjarasamningsins. Breytingarnar sem í því felast eru tvíþættar. Annars vegar verður hámarkið á lánstíma verðtryggðra jafngreiðslulána til neytenda lækkað úr 40 árum í 25 ár. Frumvarpsdrögin fela þó í sér töluverðar undanþágur vegna aldurs, tekna og veðsetningar. Hins vegar verður heimilað að verðtryggja nýjar fjárskuldbindingar miðað við vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Allar eldri skuldbindingar verða þó áfram verðtryggðar með vísitölu neysluverðs eins og verið hefur. Öll ný verðtryggð lán til neytenda, neyslulán og fasteignalán, skulu verðtryggð með vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja sem hafa skilað umsögn um frumvarpsdrögin, segir í samtali við Markaðinn að ný vísitala muni flækja stýringu eigna og skuldbindinga hjá fjármálafyrirtækjum og lífeyrissjóðum.

„Markaðurinn verður grynnri og það er verið að kljúfa hann í tvennt. Þetta skapar vanda fyrir lífeyrissjóðina sem verða áfram með sínar skuldbindingar, þ.e.a.s. lífeyrisgreiðslurnar, tryggðar með vísitölu neysluverðs en sjóðfélagalánin og ef til vill fleiri eignir verða á nýju vísitölunni. Þannig myndast misvægi og það er hugsanlegt að áhugi sjóðanna á því að veita fasteignalán til neytenda muni minnka,“ segir Yngvi Örn. Lífeyrissjóðirnir muni hafa mestan áhuga á verðtryggðum markaðsskuldabréfum sem tryggð eru með vísitölu neysluverðs til jafnvægis við skuldbindingarnar.

Lífeyrissjóðirnir eru stærstu kaupendur innlendra skuldabréfa og leiðir Yngvi Örn líkur að því að ríkissjóður muni ekki gefa út skuldabréf með verðtryggingu með vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Verðmyndun á vöxtum sem tryggðir eru með nýju vísitölunni verði því ábótavant enda myndi ríkisskuldabréf grunn að verðmyndun á vaxtamarkaði.

„Síðan er hætta á því að bankarnir, sem verða að lána til fasteignakaupa í nýju vísitölunni, verði í erfiðleikum að fjármagna fasteignalánin með sértryggðum skuldabréfum. Bankar myndu vilja að sértryggðu skuldabréfin yrðu framvegis verðtryggð með vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Áhugi lífeyrissjóða sem eru helstu kaupendur skulda bréfa á innlendum markaði, og þannig verðtryggðra skuldabréfa, er óviss. Hugsanlega verður erfitt að finna markað fyrir skuldabréfin nema með því að hækka vextina,“ segir Yngvi Örn. Þannig muni hærri fjármögnunarkostnaður stuðla að hækkun vaxta á fasteignalánum bankanna. Auk þess sé líklegt að nýja vísitalan hækki minna en sú gamla til lengri tíma litið og því verði vextirnir á lánum með nýju vísitölunni hærri.

Þá nefnir Yngvi Örn fleiri galla á því að hafa tvær vísitölur á lánamarkaði. „Það er hætt við því að þegar misgengi verður milli þessara vísitalna, til dæmis þegar verðlag hækkar hraðar en húsnæðisverð, komi upp óánægja og þrýstingur á stjórnmálamenn að breyta fyrirkomulaginu á ný. Við sáum þetta þegar launavísitalan var tekin inn í verðtrygginguna árið 1989 og tekin aftur út nokkrum árum síðar þegar í ljós kom að laun voru að hækka hraðar en verðlag,“ segir Yngvi Örn.

„Það hefur síðan verið ákveðin hefð fyrir því að gera breytingar afturvirkar til að forðast rugling en eins og útfærslan er í dag þá virðist áformað að eldri skuldbindingar verði áfram á gömlu vísitölunni. Þetta datt mönnum ekki í hug í þau skipti sem vísitölunni var breytt.“

## Veruleg skerðing á eignastofni heimilanna

Landsbankinn telur að tillögurnar séu ekki til hagsbóta fyrir neytendur. Bendir hann á að tillögurnar eigi ekki að vernda lántaka með því að stuðla að hraðari eignamyndun og draga úr hættu á að eigið fé þeirra í húsnæði verði neikvætt. „Þeir lántakar sem hafa þörf fyrir vernd af þessum ástæðum eru einkum ungir lántakendur og lántakar með lága greiðslugetu. Ekki verður hins vegar annað séð en að þær viðtæku undanþágur sem frumvarpið kveður á um kæmu í veg fyrir að þetta næðist,“ segir í umsögn bankans um frumvarpsdrögin.

Þá segir bankinn að mati á efnahagslegum áhrifum frumvarpsins sé verulega ábótavant.

Í greinargerð með frumvarpsdrögunum er vísað til mats Seðlabanka Íslands frá árinu 2014 þar sem fram kom að íbúðaverð yrði 8 prósentum lægra en ella annað árið eftir að bann við lengri lánstíma en 25 árum tæki gildi. „Miðað við fasteignamat Þjóðskrár fyrir árið 2020 myndi það hafa í för með sér að verðmæti íbúðarhúsnæðis landsmanna gæti lækkað úr 6.219 milljörðum króna í 5.721 milljarð eða um tæplega 598 milljarða króna. Það verður að teljast veruleg skerðing á helsta eignastofni heimilanna,“ segir í umsögninni. Samkvæmt þeirri greiningu séu vænt efnahagsleg áhrif bannsins neikvæð og veruleg.

> **Hugsanlega verður erfitt að finna markað fyrir skuldabréfin nema með því að hækka vextina.**



Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja

Eignamiðlun Suðurnesja kynnir:

**Þekkt og rótgróið þjónustufyrirtæki í Reykjanesbæ til sölu**

- Fyrirtækið, sem er í eigin húsnæði, er mjög vel rekið og hefur frá upphafi skilað hagnaði.
- Félaginu fylgir 715m2 húsnæði ásamt öllum tækjum og búnaði til rekstursins.
- Fyrirtækið hefur verið í stöðugum vexti síðustu ár og framtíðarhorfur mjög góðar og miklir möguleikar framundan.
- Starfsmenn eru að meðaltali 7-9. Gott tækifæri fyrir tvenn samhent hjón.

Um er að ræða gott fyrirtæki með góða afkomu sem hefur byggt upp traust viðskiptasambönd við einstaklinga og fyrirtæki til margra ára.

**Nánari upplýsingar á skrifstofu okkar að Hafnargötu 50, Reykjanesbæ og í síma 420-4050**

# Meta Arion töluvert yfir markaðsgengi

Fjárfestar eru ekki að taka að fullu tillit til líklegrar sölu á Valitor ásamt frekari arðgreiðslum og endurkaupum á eigin bréfum í verðlagningu sinni á Arion banka. Þetta kemur fram í nýju verðmati Hagfræðideildar Landsbankans sem Markaðurinn hefur undir höndum og var sent á viðskiptavini bankans í gær.

Greinendur Landsbankans meta þannig gengi hlutabréfa í Arion banka á 86,3 krónur á hlut sem er tæplega 15 prósentum yfir markaðsgengi. Mæla þeir með kaupum á bréfum í bankanum.

Í verðmatinu segir að merkja hafi mátt jákvæða þróun í grunnrekstri bankans á síðustu ársfjórðungum sem gefi vonir um að hægt verði að bæta arðsemi þrátt fyrir aukin vanskil og virðisrýrnun útlána. Þá hafa greinendur trú á því að nýir stjórnendur Arion banka – Benedikt Gíslason og Ásgeir Helgi Reykfjörð Gylfason hafa tekið við sem annars vegar bankastjóri og hins vegar aðstoðarbankastjóri – muni kynna skýrari og árangursríkari leið að hagkvæmari fjármagnsskipan og hagræðingar í rekstri bankans.

> **156,5**
> **milljarðar er markaðsvirði Arion samkvæmt matinu.**

Samkvæmt verðmatinu er gert ráð fyrir því að Valitor, dótturfélag Arion banka, verði selt að fullu sem muni skila sér í verulegum arðgreiðslum til hluthafa. Valitor var sett í formlegt söluferli fyrr á árinu og áhugasamir fjárfestar skiluðu inn óskuldbindandi tilboðum í félagið um miðjan síðasta mánuð.

Greinendur Landsbankans, sem taka fram að þeir framkvæmi ekki sjálfstætt verðmat á Valitor, áætla að virði Valitor nemi um 150 prósentum af bókfærðu eigin fé þess í reikningum Arion banka en um mitt þetta ár stóð það í 13,2 milljörðum króna. – **hae**



Markaðsráðstefnan Krossmiðlun verður haldin í sjötta sinn 13. september. Meðal fyrirlesara verða íslenskir og erlendir sérfræðingar en aðalfyrirlesari verður hinn margverðlaunaði John Hunt, Creative Chairman hjá TBWA\Worldwide.

# KROSSMIÐLUN 2019

Nýjustu straumar í auglýsinga- og markaðsmálum

**13. september**
á Grand Hótel Reykjavík
kl. 8.30 til 12.00

**John Hunt**
Creative Chairman, TBWA\Worldwide

**Mark Schaefer**
Samfélagsmiðla- og markaðssérfræðingur

**Bylgja Pálsdóttir**
Markaðsstjóri hjá Skaginn 3X

**Ólafur Steinarsson**
Stjórnarformaður Rafíþróttasamtaka Íslands

**Jewells Chambers**
Ráðstefnustjóri
Sérfræðingur í stafrænni stefnumótun hjá Pipar\TBWA

**Nánari upplýsingar og miðasala á krossmidlun.is**




Jafnvægi er að komast á bílaleigumarkaðinn, bílaleigubílar og bílaleigur verða færri en áður, að mati Úlfars Steindórssonar, forstjóra Toyota á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Þjóðin stendur nú einkar vel að vígi

**Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi og stjórnarformaður Icelandair Group, sér fyrir sér að bætur frá Boeing til flugfélagsins verði að hluta til í formi reiðufjár. Bílasala hefur ekki aukist þótt kjarasamningar séu í höfn og óvissa varðandi WOW air sé frá.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Samdráttur í bílasölu verður meiri í ár en stjórnendur Toyota og Lexus væntu. „Við gerðum ráð fyrir 20–25 prósenta samdrætti milli ára en reiknum nú með að hann verði 35–40 prósent. Það verður að hafa hugfast að aldrei hafa selst fleiri bílar en árið 2018 og árið áður var salan feikilega góð,“ segir Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi.

„Síðastliðið haust fór að hægjast á bílasölu, einkum hjá einstaklingum því bílaleigur kaupa lungann úr nýjum bílum í flotann á fyrri hluta ársins. Verkalýðsforystan var á þeim tíma stóryrt á opinberum vettvangi varðandi kjarasamninga sem voru lausir. Enginn vissi með hvaða hætti deilan við Samtök atvinnulífsins myndi leysast og til að bæta gráu ofan á svart ríkti óvissa um hvort rekstri WOW air yrði haldið áfram.

Það lá hins vegar fyrir að ef nýir hluthafar legðu WOW air til fjármagn myndi draga verulega úr þeim fjölda ferðamanna sem það myndi flytja til landsins. Stjórnendur flugfélagsins höfðu áður skorið starfsemina niður um helming til að takast á við breyttar aðstæður.

Ef nýir hluthafar kæmu að rekstri WOW air myndi flugfélagið ekki getað boðið upp á jafn lág flugfargjöld og áður. Það myndi ekki ganga til lengdar. Reksturinn bar þess merki. Það var því ljóst að landslagið í ferðaþjónustu væri breytt.

En óvissa er versti óvinur fyrirtækja í rekstri. Hún leiðir til þess að viðskiptavinir kjósa að bíða og sjá hvernig málin þróast. Fjármálahrunið 2008 var mörgum enn í fersku minni, fjöldi fólks hafði glímt við erfiðleika í kjölfar þess og vildi ekki lenda aftur í sömu sporum, sem sagt að taka lán sem það ætti erfitt með að greiða af og hélt því að sér höndum.

Að sama skapi höfðum við gert ráð fyrir því að bílaleigur myndu draga úr bílakaupum á árinu, óháð því hvernig WOW air myndi reiða af. Bílaleigurnar voru einfaldlega orðnar of margar og árið áður höfðu þær keypt gríðarlega mikið af bílum. Það lá því fyrir að það ójafnvægi myndi leiðréttast.

Auk þess hafa bílaleigurnar frá áramótum ekki notið lægri innflutningsgjalda eins og þær gerðu áður. Þær keyptu því töluvert af bílum í lok árs til að njóta góðs af niðurfellingunni. Hærri innflutningsgjöld leiða líka til þess að bílaleigur munu kaupa færri bíla en ella.

Til viðbótar við breytt landslag er töluvert af nýlegum notuðum bílum til sölu um þessar mundir, sem er mikil breyting frá árinu 2016. Fólk leitar í auknum mæli í slíka bíla til að sýna ráðdeild.“

> **Mín skoðun er að við sem þjóð höfum líklega aldrei staðið betur. Við megum því horfa bjartsýn fram á veginn og þurfum ekki að vera þjökuð af svartnætti hvað framtíðina varðar.**

### Bílasala hefur ekki aukist

„Við töldum að þegar kjarasamningar væru í höfn og óvissan varðandi WOW air væri frá myndi bílasala aukast. Það hefur ekki gengið eftir. Eflaust skiptir þar máli að ekki er enn ljóst hvaða afleiðingar það muni hafa í för með sér fyrir atvinnulífið að ferðamönnum hefur fækkað.

Í mínum huga skiptir ekki sköpum hversu margir ferðamenn koma heldur hve lengi þeir dvelja á landinu. Stjórnendur stóru bílaleiganna segja okkur að fjöldi útleigudaga fari vaxandi. Hver leigutaki leigir bílinn lengur. Það hefur í för með sér að bílarnir eru keyrðir minna á hverjum degi því ferðamenn geta gefið sér meiri tíma til að skoða landið. Fleiri útleigudagar leiða til þess að hver útleiga kostar bílaleiguna minna. Segjum til dæmis að á hverjum tíu dögum er bíl skilað einu sinni í stað þrisvar.

Gengisþróun krónu hefur haft sitt að segja. Ferðamenn dvelja hér lengur meðal annars vegna veikari krónu. Í umræðunni má oft heyra að ekkert hafi breyst en krónan hefur veikst mikið frá upphafi árs 2018 eða um 20 prósent gagnvart dollar og ellefu prósent gagnvart evru. Útflutningsgreinar, þar á meðal ferðaþjónustan, njóta góðs af því.“

*Hvernig var brugðist við væntum samdrætti í rekstri bílaumboðsins?*

„Viðbrögð okkar hafa verið að veita bestu þjónustuna með okkar frábæra starfsfólki. Við höfum ekki brugðist öðruvísi við. Við höfum ávallt gætt þess að halda kostnaði niðri en höfum ekki ráðist í niðurskurð vegna þess að við teljum að á næsta ári muni bílasala aukast. Við ætlum að vera reiðubúin að þjónusta viðskiptavini vel þegar að því kemur.“

*Hve hátt hlutfall af seldum Toyota-bílum fer til bílaleiga?*

„Á árunum fyrir hrun var hlutfallið að meðaltali um 37 prósent. Eftir að bílaleigum óx fiskur um hrygg hefur hlutfallið verið um 15-17 prósent. Við viljum ekki selja of mikið til bílaleiga til þess að vernda vörumerkið og tryggja að það sé pláss á markaðnum fyrir bílana þegar þeir verða seldir aftur eftir að hafa verið hjá bílaleigunum. Við seljum svipað magn til bílaleiga og gert var fyrir hrun, jafnvel þótt hlutfallið sé mun lægra.“

*Ef bílaleigur halda áfram að vaxa hratt, geta bílaumboðin annað þeirri eftirspurn án þess að þenja út markaðinn fyrir notaða bíla? Bílaleigurnar eða umboðin þurfa jú að selja bílana notaða hér heima.*

„Ég held að það sé að komast jafnvægi á bílaleigumarkaðinn. Það mun draga mikið úr sölu til þeirra á þessu ári. Við teljum að það verði ekki stökk í sölu til bílaleiga á næstunni. Stjórnendur þeirra hafa áttað sig á að lykillinn að farsælum rekstri er ekki að eiga ávallt til nóg af bílum til að hægt sé að leigja út þegar viðskiptavinir knýja á dyr. Þeim þykir mun skynsamlegra að það sé jafnvægi í rekstrinum og vita að það þarf að selja flotann áfram að einhverjum tíma liðnum. Við teljum því að bílaleigubílum og bílaleigum muni fækka.“

### Bílaleigur kaupi mun færri bíla

*Hvað munu bílaleigur kaupa mikið færri bíla í ár?*

„Samdrátturinn verður eflaust um 45 prósent miðað við síðasta ár. Markaðurinn er að leiðrétta sig eins og venja er þegar of mikið framboð er af tiltekinni þjónustu.“

*Hvernig var afkoma bílaumboðsins í fyrra?*

„Reksturinn er í tveimur félögum. Annars vegar er það Toyota á Íslandi sem flytur inn bílana og selur meðal annars til systurfyrirtækisins TK

# Fólk
Lífsstíll

MIÐVIKUDAGUR 28. ÁGÚST 2019




**Öll Brandtex merkin eru nú fáanleg í Brandtex í Kringlunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Klassískur fatnaður fyrir allar konur

Nú er haustið svo sannarlega gengið í garð hjá Brandtex í Kringlunni. Verslunin skartar nú fullt af fallegum haustfatnaði í æðislega fallegum haustlitum og í öllum stærðum, eða frá 36-56. Verslunin selur hágæða danskan fatnað á góðu verði. ➔2

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.





Verslunin selur Brandtex fatnað sem er yfir 80 ára gamalt og rótgróið vörumerki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framhald af forsíðu ➪

Verðlistanum sem áður seldi vörumerki Brandtex með góðum árangri hefur nú verið lokað eftir margra ára starf. Berglind Ásgeirsdóttir, annar eigandi Brandtex, segir að viðskiptavinir sem áður versluðu við Verðlistann þurfi ekki að örvænta. „Öll Brandtex merkin eru nú fáanleg hjá okkur í Brandtex í Kringlunni,“ segir hún „Vert er að minnast á að sívinsælu velúrgallarnir verða fáanlegir hjá okkur ásamt klassísku og vinsælu buxunum frá Brandtex, Sofie, Emma, Anna og fleirum. Einnig erum við með Noos buxurnar, Victoria og Madeline.“

Noos eru gallabuxur sem eru alltaf til í Brandtex og geta viðskiptavinir verslunarinnar gengið að því vísu að þær séu alltaf fáanlegar. „Við finnum að fyrrverandi viðskiptavinir Verðlistans eru komnir til okkar að kíkja á úrvalið og það má segja að þær séu alveg ótrúlega ánægðar með úrvalið sem við höfum upp á að bjóða og tökum við svo sannarlega vel á móti þeim,“ segir Berglind.

Verslunin Brandtex er rúmlega eins árs gömul og vita því ekki margir af henni ennþá að sögn Berglindar. Verslunin selur Brandtex fatnað sem er yfir 80 ára gamalt og rótgróið vörumerki. Vörumerkið hefur verið selt í fjölda ára hér á landi en er nú fáanlegt allt á einum stað. Brandtex er danskt vörumerki og einkennist af klassískum gæðafatnaði í fallegum litum og mynstrum. Vörumerkin sem Brandtex býður upp á eru Brandtex, Signature, Jensen, Ciso og B-LIKE. Brandtex skiptist svo í Classic, Coastline og Copenhagen. Brandtex Classic eru gömlu góðu vinsælu vörurnar, Brandtex Coastline eru yfirhafnir og Brandtex Copenhagen eru vörur sem einkennast af mjög smart borgarstíl.

Á síðasta hálfa árinu hefur verslunin unnið að því að lækka vöruverð og hefur það gengið vonum framar, ætlunin er að halda áfram að vinna að því að bjóða sem bestu verðin hverju sinni.

Verslunin er staðsett á annarri hæð í Kringlunni og aðgengi að henni er mjög gott þar sem verslunin er staðsett beint á móti inngangi. „Það er mjög góður kostur að vera svona nálægt inngangi þar sem viðskiptavinir okkar eru meðal annars eldri borgarar. Staðsetningin gerir það að verkum að það er mjög greið leið inn í verslunina okkar,“ segir Berglind.

Verslunin hefur bætt við þjónustu sína og býður nú upp á að taka á móti hópum eldri borgara í svokallað morgunkaffi. „Hægt er að hafa samband við okkur í verslunina og bóka tíma, síminn er 558-2800. Dvalarheimili geta einnig haft samband við okkur og við komið og kynnt okkar helstu vörur,“ segir Berglind.

Verslunin heldur einni úti heimasíðunni Brandtex.is þar sem hægt er að skoða og kaupa allar vörur verslunarinnar heima í stofu.




Emma, regular fit, fáanlegar í síddinni 81 cm í dökkbláu og ljósbrúnu.




Anna, regular fit, fáanlegar í síddinni 78 cm í gráu.




Sofie, slim fit, fáanlegar í síddunum 74 cm og 78 cm í svörtu og drapplituðu.



Í Brandtex fæst úrval af vönduðum fatnaði fyrir konur á öllum aldri.

> Staðsetningin gerir það að verkum að það er mjög greið leið inn í verslunina okkar.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,




# Notaðu skynsemina

# **Pedigree fyrir hundinn þinn!**




**Blossi er fæddur í Bandaríkjunum og er af tegundinni Australian Shepherd. Hann hefur verið í eigu Heimsendaræktunar síðan hann var 3 mánaða. Blossi var valinn BESTI HUNDUR SÝNINGAR (best in show) báða dagana í júní 2019 á sýningum Hundaræktarfélags Íslands.**

**Við höfum gefið hundum okkar Pedigree í 16 ár og náð frábærum árangri. Það er því sjálfgefið að Blossi fái sama og hinir Heimsendahundarnir okkar.**

**Blossi er ljúfur og glaður hundur með fallegan glansandi feld. Eins og sjá má þá hentar Pedigree Blossa mjög vel.**

**Björn og Lára.**

Pedigree hvetur alla hundaeigendur til að virða lög og reglur um hundahald. www.pedigree.is

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is


Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 - 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plokkun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart







## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki mótorhjól. Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**






BÍLA GALLERÍ



**NÝIR 2019 MMC OUTLANDER PHEV PLUG-IN HYBRID RAFMAGN OG BENSÍN, BETRA VERÐ OG FLEIRI AUKAHLUTIR !**

300.000 undir listaverði og þú færð að auki : Sóllúgu, Rockford hljóðkerfi og hitakerfi á rafhlöðu. Leður/Alcantara, Bakkmyndavél og fjarlægðaskynjarar, ofl. 5 ára ábyrgð. Til grár, svartur og hvítur. Verð 5.190.000. Sími 554-6700.

**Bílagallerí bílasala**
**Sími: 5546700**
**www.bílagalleri.is**

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Hreinsun á:
sófasettum • stólum
• dýnum • rúmum
• allar gerðir af mottum
• mygluþrifum
• ozonhreinsum
• lygtareyðingum
Hreinsandi
fyrir alla muni
Við erum á facebook
Eldshöfði 8, 110 Rvk. S: 577-5000

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

### Garðyrkja

Hellulagnir, lóðastandsetning, skjólveggir og pallasmíði. Jónas Freyr Harðarson garðyrkjufræðingur s: 697-8588.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 9086116.**
Ástir,Fjármál,Heilsa. Opið alla daga.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir litar hætti






GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU

job.is




bíla sem annast sölu og þjónustu á bílunum en einnig til söluaðila á Suðurnesjum, Selfossi og Akureyri.

Toyota á Íslandi hagnaðist um 439 milljónir króna í fyrra en til samanburðar hagnaðist fyrirtækið um 1,1 milljarð árið áður. Afkoman í fyrra var afar góð, salan gekk mjög vel og afkoman var í raun eins og vænta má í eðlilegu árferði. Það er ekki hægt að miða við árið 2017, svo mikil sala verður mögulega á tíu ára fresti.

TK bílar högnuðust um 142 milljónir króna samanborið við 276 milljónir króna árið 2016.“

Samtals var því hagnaður fyrirtækjanna um 581 milljón, arðsemi eiginfjár var samtals 24 prósent og eiginfjárhlutfallið um 39 prósent.

*Af hverju ertu með þetta svona flókið? Það er, með reksturinn í tveimur félögum í stað eins, líkt og önnur bílaumboð hafa gert?*

„Þetta er ekki flókið. Þetta einfaldar samskipti við Toyota erlendis. Þeir eiga bara í samskiptum við innflytjendur en ekki við sölu- og þjónustuaðila. Hér innandyra upplifir fólk þetta ekki sem ólík fyrirtæki en þetta einfaldar líka söluna til annarra bílasala á landinu og tryggir að allir séu á jafnréttisgrundvelli.“

*Hvernig verður afkoman í ár?*

„Fyrirtækin verða rekin með hagnaði en afkoman verður verri en í fyrra.“

### Óþarfi að hrófla við því sem vel gengur

*Hvers vegna hafið þið ekki sóst eftir að selja önnur bílamerki en Toyota (að ógleymdu lúxusmerkinu Lexus sem er í eigu þess)?*

„Toyota er firnasterkt vörumerki sem hefur gengið vel hér á landi. Það hefur því ekkert í rekstrinum kallað á að bæta við öðru vörumerki. Það kallar á mikla vinnu að sinna framleiðanda vel, við sendum þeim töluvert af upplýsingum í hverri viku. Auðvitað höfum við leitt hugann að því þegar komið hafa upp slík tækifæri en alltaf komist að sömu niðurstöðu; reksturinn gengur vel eins og hann er núna og óþarfi að hrófla við því sem vel gengur.

Toyota er verðmætasta vörumerkið af öllum bílaframleiðendunum. Þeir setja meiri fjármuni í rannsóknir og þróun en nokkur annar bílaframleiðandi. Toyota var að meðaltali með lægstan útblástur af öllum bílaframleiðendum sem selja í Evrópu. Jafnvel þótt ekki sé boðið upp á hefðbundna rafmagnsbíla er hybrid-kerfið að skila miklum árangri á þessu sviði.

Auðvitað höfum við alltaf augun opin, ekki bara hér á landi, heldur almennt fyrir því hver þróunin verður.“

### Fjárfesta í tengdum rekstri

*Þið Kristján Þorbergsson, viðskiptafélagi þinn, hafið engu að síður verið reiðubúnir til að fjárfesta í tengdum rekstri í gegnum UK fjárfestingar, móðurfélag Toyota. Þið fjárfestuð í Bílanausti í ár og Kraftvélum árið 2017.*

„Við erum að reyna að breikka starfsemi okkar á því sviði sem við þekkjum best; bílabransann.“

*Er sala á vinnuvélum (það er hjá Kraftvélum) til þess að gera svipuð og sala á bílum?*

„Reksturinn er nokkuð ólíkur en að hluta til skarast hópur viðskiptavina. Tengingin við Kraftvélar stendur á gömlum merg. Páll Samúelsson sem rak Toyota um árabil átti einnig Kraftvélar allt þar til hann seldi fyrirtækjaumsvif sín árið 2005. Hann seldi Kraftvélar í janúar það ár og Toyota í desember. Fyrirtækin hafa átt í samstarfi en Kraftvélar selja til dæmis Toyota-lyftara.

Við þekktum fyrirtækið vel en tækifærið sem við stóðum frammi fyrir fólst í hve miklar vega- og byggingarframkvæmdir eru fram undan á næstu tíu til fimmtán árum.“

*Hafið þið gert einhverjar breytingar á rekstri Kraftvéla?*

„Nei, en við höfum komið að okkar hugmyndafræði eins og hvað varðar ferla, þjónustu, kostnaðaraðhald og utanumhald en það eru engar stórkostlegar breytingar í farvatninu.“

*En hafið þið gert breytingar á rekstri Bílanausts?*

„Bílanaust hafði verið lokað vegna gjaldþrots í einn og hálfan mánuð þegar við kaupum reksturinn og opnuðum allar verslanirnar að nýju. Við erum í þeim fasa að ná utan um starfsemina. Bílanaust hafði misst einhver umboð og við erum að afla annarra í staðinn.

Þetta er í raun eins og að byrja rekstur upp á nýtt. Þetta er ekki eins og að kaupa fyrirtæki sem er í rekstri. Það þarf líka að ná upp nýjum takti í fyrirtækinu, það hafði lengi stefnt í gjaldþrot og því er takturinn ekki sá sami og ef starfsfólk hefði verið fullvisst um að reksturinn myndi ganga upp.“

*Hvers vegna varð Bílanaust gjaldþrota?*

„Ég veit það ekki. Í grunninn held ég að vandinn hafi falist í að þá sem keyptu reksturinn af N1 skorti þekkingu á þessum rekstri. Hver og einn geiri hefur sitt tungumál og þeir höfðu ekki aflað sér nægrar þekkingar til að ná góðum tökum á rekstrinum.“

### Tækifæri þegar hagkerfi kólna

*Hvernig horfir það við þér að hafa keypt tvö fyrirtæki, til þess að gera nýlega, nú þegar hagkerfið er að kólna?*

„Tækifærin til að kaupa fyrirtæki skapast yfirleitt þegar hagkerfið er að kólna. Í uppsveiflu eru fyrirtækin oft verðlögð of hátt enda er þá alla jafna gert ráð fyrir að tekjur muni aukast ár frá ári. Þegar hægja tekur á efnahagslífinu verður verðlagningin á fyrirtækjum eðlilegri. Okkur líður vel með að hafa keypt fyrirtækin á þessum tímapunkti.“

## Endurskipulagning á leiðakerfi skilar árangri

*Er kostnaðarstrúktúr Icelandair Group sjálfbær?*

„Já, hann er það. Það voru gerð mistök við skipulagningu á leiðakerfi flugfélagsins sem við erum að vinda ofan af að einhverju leyti. Sú vinna er farin að skila árangri. Enn fremur erum við enn að ná utan um þann vanda sem skapaðist við kyrrsetningu Boeing 737 MAX flugvélanna. 25 prósent af flugáætlun sumarsins byggðu á flugvélum sem við gátum ekki nýtt. Það varð því að leigja flugvélar sem er kostnaðarsamt.

Margir gera sér ekki grein fyrir því hve víðtækar afleiðingar kyrrsetningin hafði á rekstur Icelandair. Viðskiptamódel Icelandair byggist á því að koma Evrópubúum sem ætla til Bandaríkjanna til Keflavíkur og ferja þá svo áfram á áfangastað. Hið sama gildir um Bandaríkjamenn og Kanadamenn sem ætla til Evrópu.

Það hefði verið mun auðveldara að takast á við kyrrsetninguna ef Icelandair væri að fljúga tíu sinnum á dag á tiltekinn áfangastað og tvær af vélunum væru kyrrsettar í stað þess að sækja farþega yfir hafið og dreifa þeim svo um Evrópu. Það er vegna þess að flugvélarnar sem þarf til eru misstórar og því er verið að endurraða farþegum í flugvélar sem eru ýmist stærri eða minni. Það flækir verkefnið.“

**Lexían sem ég lærði var að halda alltaf áfram og tryggja að fyrirtækið sé enn starfandi þegar góð ár koma. Lykillinn er að finna leiðir til að komast í gegnum skaflinn.**

*Hvernig horfa efnahagsmálin við þér?*

„Það er mikilvægt að hafa í huga að aðstæður í hagkerfinu eru með allt öðrum hætti en fyrir hrun. Þá var gjaldeyrisvaraforðinn um 80 milljarðar króna. Nú er hann rúmlega 800 milljarðar króna.

Skuldsetning heimila og fyrirtækja er með allt öðrum hætti en við hrunið. Hún er mun minni núna og við erum því betur í sveit sett til að takast á við niðursveiflu. Þjóðin á nú um 20 prósent meira en hún skuldar. Að því sögðu skuldaði hið opinbera lítið sem ekkert við hrunið en til að mæta áfallinu voru slegin lán.

Ferðaþjónustan hefur bæst við sem gjaldeyrisskapandi atvinnuvegur og er heilt yfir í ágætu horfi. Sjávarútvegurinn er áfram hryggjarstykkið í efnahagslífi þjóðarinnar og okkur hefur auðnast að byggja upp stóriðju og öflug þekkingarfyrirtæki.

Mín skoðun er að við sem þjóð höfum líklega aldrei staðið betur. Við megum því horfa bjartsýn fram á veginn og þurfum ekki að vera þjökuð af svartnætti hvað framtíðina varðar.

Það er ekki þar með sagt að lífið sé dans á rósum fyrir alla. Vissulega glíma margir einstaklingar við erfiðleika og þeim þarf að rétta hjálparhönd. Ýmis fyrirtæki hafa verið stofnuð á röngum forsendum og þeim gengur illa. Þegar vel gengur í einhverri atvinnugrein munu alltaf margir stökkva á vagninn. Það er gömul saga og ný. En jafnvel þótt horfst sé í augun við þá staðreynd erum við ótrúlega vel stödd.

Staða okkar sem þjóðar er það sterk að niðursveiflan verður ekki djúp. Við munum komast hratt úr henni vegna þess hve styrkum fótum hagkerfið stendur. Það getur tekist á við áföll og getur haldið áfram að sækja fram.

Vonandi verður óvissan minni með haustinu og þá mun fólk og fyrirtæki vonandi láta aftur til sín taka.“

*Fyrst þú ert svona jákvæður, hvernig horfa launahækkanir við þér?*

„Kjarasamningar voru almennt vel heppnaðir. Þeir eru hins vegar íþyngjandi fyrir mannaflsfrekar atvinnugreinar eins og ferðaþjónustu, byggingariðnað og veitingastaði. Það er ekki hægt að fleyta launahækkunum að fullu út í verðlagið og það tekur á.

Íslandshótel voru til dæmis að birta uppgjör fyrir sex mánuði ársins. Án þess að ég hafi kafað ofan í árshlutareikninginn þá tapaði hótelsamstæðan 184 milljónum króna á tímabilinu, samanborið við 293 milljóna króna hagnað árið áður. Kjarasamningar juku kostnað mannaflsfrekra fyrirtækja en laun hótela á Íslandi sem hlutfall af tekjum voru fyrir hækkunina hærri en víða annars staðar.“

### Fordæmalaust ár hjá Icelandair

*Í ljósi þess að þú nefnir ferðaþjónustuna. Þú ert stjórnarformaður Icelandair Group. Hvernig horfir staða flugfélagsins við þér?*

„Þetta ár hefur verið fordæmalaust í rekstri fyrirtækisins. Starfsfólkið gat ekki haft nein áhrif á það að Boeing 737 MAX flugvélarnar voru gallaðar og því kyrrsettar en það hefur gert sitt allra besta til að leysa úr stöðunni. Það liggur ljóst fyrir að Boeing gerir ráð fyrir að bæta fyrir þetta tjón. Í sex mánaða uppgjöri flugvélaframleiðandans voru gjaldfærðar háar fjárhæðir.“

*Heldur þú að bæturnar verði í formi reiðufjár?*

„Þetta verða klárlega peningar með einum eða öðrum hætti. Viðræður eru ekki hafnar en ég sé fyrir mér að hluti verði reiðufé. Ég veit ekki nákvæmlega hvernig tjónið verður bætt.“

*Eru íslensk flugfélög ósamkeppnishæf vegna hás launakostnaðar?*

„Nei, það er of djúpt í árinni tekið. Það er erfitt að bera saman launakostnað Icelandair við erlend flugfélög vegna þess að félagið er byggt upp með öðrum hætti en gengur og gerist. Icelandair sinnir til dæmis eigin viðhaldsþjónustu og hefur því á launaskrá fjölda flugvirkja. Önnur flugfélög útvista yfirleitt þeim verkefnum. Þau bera kostnað af viðhaldi en hann birtist í öðrum rekstrarliðum en launakostnaði.

Grunnvandinn felst ekki í háum launum heldur nýtingu starfsfólks, einkum flugáhafna. Erlendis þurfa starfsmennirnir að fljúga meira en samið hefur verið um hér á landi. Icelandair þarf því fleira starfsfólk til að fljúga sömu leið og önnur flugfélög.

Aftur á móti sé ég ekki hvernig hægt er að reka lággjaldaflugfélag og greiða íslensk laun í samkeppni við fyrirtæki eins og Wizz air sem er með höfuðstöðvar í Ungverjalandi og greiðir því lág laun. Það er ekki hægt að keppa við það frá Íslandi.“

*Hefur þú trú á áformum bandarísku athafnakonunnar Michelle Ballarin um að endurreisa WOW air og forsvarsmanna WAB air sem vilja stofna flugfélag í sama anda og WOW air?*

„Ég hef ekki forsendur til að meta það. Það fljúga 26 flugfélög til Íslands í sumar og ef það bætast við eitt eða tvö flugfélög mun Icelandair standa það af sér. Við munum standa okkur í samkeppninni óháð því hvar keppinauturinn er staðsettur. Norwegian er til að mynda í Noregi og flýgur frá Íslandi til Barcelona og mun fljúga héðan til Tenerife.“

### Keyptu umboðið eftir hrun

*Hvernig vannstu þig upp? Fyrir hrun varstu launamaður hjá Toyota en nú áttu helmingshlut í umsvifamiklu fyrirtæki sem á Toyota umboðið, Kraftvélar og Bílanaust. Auk þess áttu hlut í Bláa lóninu og fjárfestir fyrir 100 milljónir í Icelandair fyrir ári.*

„Ég hef ávallt sinnt þeim verkefnum sem ég hef tekið að mér af dugnaði og heiðarleika. Okkur Kristjáni Þorbergssyni fjármálastjóra bauðst að kaupa bílaumboðið í kjölfar hrunsins. Það lá fyrir að viðskiptabankinn ætlaði að leysa fyrirtækið til sín í því skyni að selja það áfram.

Bílaframleiðandinn Toyota tapaði ekki krónu á viðskiptum við okkur í kringum hrunið. Við settum bílana ekki á útsölu og gættum vel að vörumerkinu. Af þeim sökum vildi bílaframleiðandinn að við Kristján myndum kaupa bílaumboðið og reka það áfram. Við vinnum vel saman en erum sagðir ólíkir. Hann er afar flinkur og þetta hefur gengið afar vel hjá okkur.

Fjárfestingin í Bláa lóninu kom þannig til að ég var á árum áður framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Sjóðurinn átti hlut í fyrirtækinu og ég sat í stjórn þess. Hálfu ári eftir að ég lét af störfum sem framkvæmdastjóri og sagði mig úr stjórn Bláa lónsins bað Grímur Sæmundsen, stofnandi fyrirtækisins, mig um að setjast aftur í stjórnina.

Fyrir mörgum árum var stjórn og starfsmönnum boðið að kaupa í Bláa lóninu og ég keypti fyrir litla fjárhæð. Og þegar það hefur boðist hef ég keypt hluti í fyrirtækinu.

Bláa lónið er einfaldlega ævintýri. Það er ótrúlegt hvernig fyrirtækið hefur blómstrað og það byggir á sýn Gríms og fjölgun ferðamanna. Hann hefur auk þess valið með sér góðan hóp af stjórnendum og stjórn.

Lífið er einfaldlega þannig að það er ekki bein lína sem hallar upp á við heldur þarf stöðugt að halda áfram þótt á móti blási. Þetta snýst um að hafa trú á því sem þú ert að gera, taka fleiri réttar ákvarðanir en rangar.

Ég er í grunninn áhættufælinn en er til í að taka áhættu þegar ég er búinn að reikna mig í gegnum hana – án þess að fara yfir um í Excel.“

*Nú eru erfiðleikar í efnahagslífinu, samdráttur í bílasölu og Icelandair er í mótvindi. Hugsarðu stundum hvort þú sért að dreifa kröftum þínum of mikið? Þú stýrir Toyota og systurfyrirtækjum, ert stjórnarformaður Icelandair Group og situr í stjórn Bláa lónsins.*

„Já, ég hef leit hugann að því. Þetta fyrirkomulag kallar á langa vinnudaga og það er erfitt að taka frí. Þegar ég er í fríi er ég alltaf í sambandi við vinnuna. Það er hægt að vinna undir svona miklu álagi í ákveðinn tíma. En lykillinn að þessu er að mér þykir þetta óhemju skemmtilegt.

Mitt fyrsta verk á morgnana er að athuga hvort allar flugvélar Icelandair hafi tekið á loft á réttum tíma. Ég reyni að fara eins oft og ég get í sýningarsalinn í Kauptúni, heilsa upp á viðskiptavini og hlusta á hvað þeir hafa að segja. Ef það eru bílasýningar um helgar mætum við Kristján og hittum fólk. Bláa lónið tekur minnstan tíma af þessu.

Jafnvel þótt undanfarin tvö ár hafi verið strembin hjá flugfélaginu þykir mér starfið enn skemmtilegt. Ef ég myndi mæta hér eða annars staðar og stynja því allt væri svo erfitt og leiðinlegt væri ég löngu hættur.

Ég lærði dýrmæta lexíu þegar ég var fjármálastjóri Vinnslustöðvarinnar. Sjáðu til: Útgerðir sameinuðust í miklum mæli í Vestmannaeyjum á árunum 1991 til 1992. Íslandsbanki stýrði að miklu leyti þeirri vinnu vegna erfiðleika í sjávarútvegi á þeim tíma.

Það eru sveiflur í rekstri eins og útgerða, bílasölu og ferðaþjónustu. Lexían sem ég lærði var að halda alltaf áfram og tryggja að fyrirtækið sé enn starfandi þegar góð ár koma. Lykillinn er að finna leiðir til að komast í gegnum skaflinn.

Árið 1994 kom nefnilega stærðarinnar loðnuvertíð. Fram að því gekk rekstur Vinnslustöðvarinnar illa. Og þá skipti höfuðmáli að fyrirtækið var enn starfandi til að grípa gæsina.“

# Grænkerar – er bylting í vændum?



**Tómas Bjarnason**
sviðsstjóri mannauðs-rannsókna og ráðgjafar Gallup



**Friðrik Björnsson**
viðskiptastjóri hjá markaðs-rannsóknum Gallup

Vegan, vegetarian, grænmetisæta og grænkerar (íslenska hugtakið yfir vegan) eru hugtök sem heyrast æ oftar, en öll lýsa þau mataræði sem byggist á því að hætta neyslu kjöts.

Í vegan mataræði er sneitt algerlega hjá dýraafurðum, á meðan grænmetisætur kunna að borða mjólkurvörur, egg og aðrar dýraafurðir, þó að þær neyti ekki kjöts eða fisks. Þá er „pescatarians“ heiti yfir þá sem borða ýmiskonar sjávarfang, þó að þeir neyti ekki kjöts.

Ástæður þess að fólk velur að sneiða hjá dýraafurðum eru eftirfarandi:

- Dýraverndunarsjónarmið
- Umhverfissjónarmið
- Heilsufarsástæður
- Trúarástæður
- Aðrar persónulegar ástæður

Hlutfall mannfjölda sem telst grænmetisætur og grænkerar er enn sem komið er lágt í flestum löndum. Þó er umtalsverður hluti Indverja grænmetisætur eða tæplega þriðjungur. Samkvæmt tölum Gallup í Bandaríkjunum segjast tæplega einn af hverjum tíu vera grænmetisætur; 5-6% telja sig grænmetisætur og til viðbótar eru um 2-3% sem telja sig grænkera (vegan), en þetta hlutfall hefur lítið breyst frá 2012.

Framleiðsla og kaup fólks á grænkeramatvöru hafa þó aukist mikið í nágrannalöndunum. Sem dæmi má nefna að Max hamborgarakeðjan í Svíþjóð hefur tífaldað sölu á grænmetisborgurum á 10 árum og bandaríska fyrirtækið „Beyond Meat“ hefur notið gríðarlegrar velgengni allt frá því að það var stofnað árið 2009. Fyrirtækið



framleiðir borgara, pylsur og fleira með hráefni úr jurtaríkinu. Þá bárust jákvæðar fréttir af gengi bresku bakaríiskeðjunnar Greggs, ekki síst vegna nýrrar vöru sem hún kynnti í upphafi árs: Vegan-útgáfu af pylsuhorninu svokallaða, einum af vinsælli réttum bakarísins.

### Hefur neysla kjötvara breyst á Íslandi?

Neyslukönnun Gallup sýnir að þrátt fyrir að hlutfall hánotenda (þeirra sem borða kjöt vikulega eða oftar) hafi að mestu staðið í stað hefur lágnotendum (þeim sem borða kjöt aldrei eða sjaldnar en einu sinni á ári) fjölgað verulega. Til að mynda var hlutfall þeirra sem aldrei borða svínakjöt 3,8% að meðaltali á árunum 2007-2009 en hækkaði í 6,3% að meðaltali árin 2016-2018.

Þrátt fyrir stækkandi hóp þeirra sem aldrei neyta áðurnefndra kjötvara hefur neysla og framleiðsla á sumum dýraafurðum eins og mjólk og eggjum verið að aukast. Framleiðsla á mjólk hefur aukist um 26% og framleiðsla á eggjum um 65% síðan 2008. Neyslukönnun Gallup sýnir svipaða mynd og stóraukna neyslu Íslendinga á eggjum.

Fleiri áhugaverðar breytingar hafa orðið á matarvenjum Íslendinga. Til að mynda hefur hlutfall þeirra sem borða brauð fimm sinnum í viku eða oftar lækkað úr 67% á árinu 2008 í 38% árið 2018 og hlutfall þeirra sem nota majones vikulega eða oftar hefur hækkað úr 12% í 23%. Breytt neysla á þessum

**Hlutfall ungra kvenna (18-24 ára)**
sem segjast aldrei borða svínakjöt, lambakjöt, nautakjöt eða kjúkling




**Hlutfall 18 ára og eldri**
sem segjast aldrei neyta svínakjöts, lambakjöts, nautakjöts og kjúklings




afurðum gæti tengst ýmsum vinsælum kúrum og matarvenjum sem hvetja til neyslu á prótein- og fituríku mataræði í stað kolvetna, sem getur til viðbótar hvatt til aukinnar neyslu á kjöti og fiski, en einnig á smjöri og kolvetnasnauðu grænmeti eins og blómkáli. Könnun sem Gallup framkvæmdi á vormánuðum 2019 studdi þetta og þar kom í ljós að ríflega 7% Íslendinga fylgdu ketó- eða lágkolvetnafæði.

Breytingar á neyslu Íslendinga á kjötvörum hafa verið mjög ólíkar eftir lýðfræðihópum.

Neysla ungra kvenna (18-24 ára) hefur tekið hvað mestum stakkaskiptum á undanförnum árum. Hlutfall ungra kvenna sem aldrei borða kjöt hefur margfaldast frá árinu 2007 og mestu breytingarnar hafa orðið á síðustu tveimur árum. Að meðaltali sögðust rúm 5% kvenna aldrei borða svínakjöt á árunum 2007-2009 en þetta hlutfall nær þrefaldaðist á árunum 2016-2018. Mun stærri breytingar urðu þó á neyslu ungra kvenna á nautakjöti og lambakjöti þar sem hlutfall þeirra sem aldrei borða nautakjöt og lambakjöt 4- til 5-faldaðist ef borin eru saman meðaltöl áranna 2007-2009 og 2016-2018. Enn fleiri sögðust vera hætt að borða kjúkling þegar borin eru saman sömu tímabil.

Enn sem komið er er það þó aðeins lítið hlutfall af þjóðinni sem neytir einskis kjöts. Í könnun Gallup á vormánuðum ársins 2019, þar sem spurt var hvort fólk væri á sérstöku mataræði eða kúr, kemur fram að tæplega 3% landsmanna skilgreindu mataræði sitt sem grænmetisfæði og til viðbótar skilgreindi 1% mataræði sitt sem vegan. Þessar tölur benda til áframhaldandi hækkunar á hlutfalli þeirra sem velja grænmetisfæði eða hafa hætt að borða kjöt.

Ljóst er að neysluvenjur fólks hafa tekið miklum stakkaskiptum á liðnum árum, bæði hér á landi og erlendis. Grænmetisfæði virðist höfða sérlega vel til ungra kvenna. Miðað við hratt hækkandi hlutfall þeirra sem neyta ekki kjötvara hér á landi og vaxandi áhuga á umhverfismálum finnast fáar vísbendingar um annað en áframhaldandi vöxt grænmetisfæðis og verður til framtíðar áhugavert að sjá hvort mögulegur vöxtur verði fyrst og fremst innan núverandi markhóps eða hvort neysluhópurinn muni breikka, þannig að grænmetisfæði verði algengara meðal karla og þeirra sem tilheyra eldri kynslóðum. Spurningin er hvort grænkerabylting sé í vændum?



# Töluverður tími fer í að leika með liti

## Svipmynd

**Anna Björk Bjarnadóttir**

**Nám:**
Upphaflega íþróttafræðingur frá Ungverjalandi og Noregi, síðan framhaldsnám í stjórnun og stefnumótun frá TDC, DIEU og Wharton.

**Störf:**
Framkvæmdastjóri hjá Advania síðan 2018. Þar áður framkvæmdastjóri og stjórnunarráðgjafi Expectus til fimm ára. framkvæmdastjóri tæknisviðs og einstaklingssviðs Símans í tæp sex ár. Sit og hef setið í fjölda stjórna og félagasamtaka, er formaður Norsk-íslenska viðskiptaráðsins, sit í stjórn Viðskiptaráðs Íslands og Útflutnings- og markaðsráðs Íslands.

**Fjölskylduhagir:**
Gift Tómasi Holton kennara. Við eigum þrjú börn, Tómas Heiðar (28), Bergþóru (25) og Bryndísi (8).



Anna Björk hefur víðtæka reynslu úr viðskiptalífinu og áralanga stjórnunarreynslu úr tæknigeiranum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Anna Björk Bjarnadóttir var ráðin framkvæmdastjóri ráðgjafar og sérlausna hjá Advania síðasta haust en áður leiddi hún ráðgjafarfyrirtækið Expectus. Anna segist hafa teiknað og málað síðan hún man eftir sér og mun hún halda sína fyrstu einkasýningu í október.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég hef teiknað og stundað íþróttir síðan ég man eftir mér. Skemmtilegast er að vera í eigin heimi og teikna og mála, en ég hef smám saman verið að opna meira á þann hluta og er að fara að halda mína fyrstu einkasýningu í október. Það fer því töluverður tími í að leika með liti þessa dagana. Samantekin ráð stórfjölskyldunnar í gjafafjárfestingum þegar ég varð fimmtug hafa orðið til þess að ég er að detta á bólakaf í golfið. Íþrótt sem ég hélt að mér myndi aldrei finnast skemmtileg en verð að viðurkenna að á bara fjári vel við mig.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Hún er sífellt að breytast enda með gráa fiðringinn fyrir allan peninginn og alltaf að finna mig sem miðaldra kona. Núna er það jóga í tuttugu mínútur og hugleiðsla í aðrar tuttugu, áður en ég ýti við sofandi örverpinu sem var að byrja í þriðja bekk. Hún lætur mig halda að ég sé ekki eins gömul og háraliturinn segir til um. Við mæðgur eigum svo gæðastund þangað til hún fer í skólann og þá bý ég mér til kaffibolla sem ég sötra á leiðinni í vinnuna.

*Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?*

Tvímælalaust bókin Karitas án titils eftir Kristínu Marju. Sú bók og Óreiða á striga eru mínar uppáhaldsbækur og hafa djúpstæð áhrif í hvert sinn sem ég les þær en það geri ég reglulega. Ég er síðan alæta á fréttir og hvernig heimsmyndin okkar er að þróast, þannig að netmiðlar taka mikinn tíma, stundum einum of.

*Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin undanfarin misseri?*

Að setja mig inn í nýtt starf í nýju fyrirtæki og aðrar hliðar upplýsingatækninnar en ég hef áður kynnst. Það hefur jafnframt verið mjög spennandi, og gefandi að kynnast öllu því hæfileikaríka fólki sem vinnur með mér hjá Advania.

*Hvað áskoranir og tækifæri eru fram undan á þínu sviði?*

Það felast gríðarleg tækifæri í upplýsingum og tækni og þeirri þróun sem nú fer fram á ljóshraða. Áskorunin er að velja og hafna í takt við framtíðarsýn. Hvernig og hvar eigi að nýta þessi tækifæri og gleyma því ekki að tæknibreytingar nýtast eingöngu ef við hugum að fólkinu og menningunni sem á að virkja þær til framfara. Skýr stefna um það hvernig tækni og upplýsingar geta stutt við heildarstefnu og árangursmarkmið og markviss innleiðing eru að mínu mati gullpotturinn við enda regnbogans.

> **Skemmtilegast er að vera í eigin heimi og teikna og mála, en ég hef smám saman verið að opna meira á þann hluta og er að fara að halda mína fyrstu einkasýningu í október.**

*Ef þú þyrftir velja allt annan starfsframa, hver yrði hann?*

Þá yrði ég myndlistarkona. Vitandi hversu mikill þekkingaröflunar- og miðlunarfíkill ég er, myndi það sjálfsagt alltaf innihalda kennslu og ráðgjöf því tengda.

*Hvar sérðu þig eftir 10 ár?*

Á svipuðum slóðum og í dag. Ég verð þar sem ég nýtist í að hjálpa fólki að ná árangri á sínu sviði, hvort sem það eru samstarfsmenn eða viðskiptavinir. Svo dútla ég mér í myndlistinni og golfinu með.

# Íslandsbanki hættir föstu samstarfi um auglýsingar

Íslandsbanki hefur ákveðið ljúka föstu samstarfi við auglýsingastofuna Brandenburg og sinna markaðsmálum innanhúss í meiri mæli en áður hefur verið. Þetta staðfestir Edda Hermannsdóttir, forstöðumaður samskipta, greiningar og markaðsmála hjá Íslandsbanka, í samtali við Markaðinn.

„Íslandsbanki mun innan tíðar ekki vera með fastan samstarfssamning við auglýsingastofur og lýkur því föstu samstarfi við Brandenburg. Við höfum átt einkar gott samstarf við Brandenburg og uppskorið eftir því á undanförnum árum,“ segir Edda.

„Bankaumhverfið er að breytast mikið og samhliða því förum við í stefnuvinnu með markaðsmál bankans. Í kjölfarið var ákveðið að vera ekki með fastan samning við auglýsingastofu en áfram verður unnið með auglýsingastofum og framleiðslufyrirtækjum að stærri verkefnum en minni verkefni verða unnin af markaðsfólki bankans.“

Þá segir hún að unnið verði að öðrum stefnuáherslum. Þannig verði horft meira til jafnréttismála hjá þeim aðilum þar sem auglýsingar bankans birtast og enn frekari áhersla verði lögð á umhverfismál í markaðsstarfi bankans. – þfh

> **Bankaumhverfið er að breytast mikið og samhliða því förum við í stefnuvinnu með markaðsmál bankans.**
>
> Edda Hermannsdóttir, forstöðumaður samskipta. greiningar og markaðsmála hjá Íslandsbanka.

# Kaldalón skráð á markað á föstudaginn

Fasteignaþróunarfélagið Kaldalón verður skráð á First North markaðinn næstkomandi föstudag. Forsvarsmenn Kaldalóns hafa að undanförnu fundað með lífeyrissjóðum og markaðsaðilum til að kynna félagið.

Jónas Þór Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Kaldalóns, var í ýtarlegu viðtali í Markaðinum um miðjan júlí. Þá var verið að ljúka um 400 milljóna króna hlutafjáraukningu frá bæði nýjum og núverandi hluthöfum til þess að hækka hlutafé í 3,7 milljarða fyrir skráningu. Útilokaði hann ekki aðra hlutafjáraukningu á næstu misserum ef félagið myndi ráðast í ný og stór verkefni. „Það má reikna með því að Kaldalón muni vaxa umtalsvert eftir skráninguna,“ sagði Jónas Þór.

Kaldalón samdi nýlega við alþjóðlegt verktakafyrirtæki, Rizzani De Eccher, sem er 100 ára gamalt ítalskt fjölskyldufyrirtæki með yfir milljarð evra í árlega veltu og starfsemi í fleiri en 100 löndum.



Jónas Þór var ráðinn framkvæmdastjóri í byrjun sumars. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Samstarfið mun vera lykilþáttur í að ná markmiðum Kaldalóns um hagkvæma uppbyggingu.

Uppfærður hluthafalisti Kaldalóns sýnir að einkahlutafélagið RES, sem er í eigu hjónanna Nönnu Bjarkar Ásgrímsdóttur og Sigurðar Bollasonar, er stærsti hluthafinn með 13,4 prósenta hlut. Gunnar Henrik B. Gunnarsson og Lovísa Ólafsdóttir eru næststærst með 12,6 prósenta hlut í gegnum Investar. Á meðal annarra hluthafa eru Ingibjörg Pálmadóttir, sem á Torg, útgáfufélag Fréttablaðsins, og Jón Ásgeir Jóhannesson. Þau eiga 8,2 prósenta hlut í gegnum 24 Development Holding. – þfh

# Skotsilfur

## Saman í stjórn



Í liðinni viku komust dýr starfslok fyrrverandi bankastjóra Arion banka aftur í fjölmiðla. Greint var frá því að Kirstín Þ. Flygenring, fulltrúi Bankasýslunnar í stjórn, hefði samþykkt samning bankastjórans en þó með „semingi“ eins og hún sagði sjálf. Stuttu síðar kom í ljós að **Guðrún Johnsen**, fulltrúi VR í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, hefði verið stjórnarformaður þegar samningurinn var blessaður. Stjórn Arion var ekki sú eina þar sem leiðir Kristínar og Guðrúnar lágu saman. Þær sitja nefnilega saman í stjórn Gegnsæis – Samtaka um spillingu.

## Fleiri íslenskir stjórar



Mögulega þarf að stokka þurfi upp rekstur Icelandair Group nokkrum sinnum áður en rétti takturinn finnst. Icelandair, sem **Bogi Nils Bogason** hefur stýrt í um eitt ár, hefur verið líkt við SAS, tveir gamlir risar að reyna að fóta sig í nýju landslagi. SAS tilkynnti í gær sparnaðaraðgerðir, meðal annars breytingar á yfirstjórn, í því skyni að auka hagræði og skerpa á ábyrgð stjórnenda. Athygli vekur að framkvæmdastjórn SAS er fámennari en hjá Icelandair sem er engu að síður nokkuð minna félag.

## Ítalskur risi



Eflaust myndu margir fagna því ef Costco-áhrifa gætti á meðal byggingarverktaka. Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvort verktakar muni sameina krafta sína, meðal annars til að mæta aukinni samkeppni frá ítalska verktakafyrirtækinu Rizzani de Eccher. Það komst fyrst í fréttir vegna samstarfs við fasteignaþróunarfélagið Kaldalón, sem **Jónas Þór Þorvaldsson** stýrir og mun einnig koma að milljarða framkvæmdum NATO á Keflavíkurflugvelli. Ítalirnir státa af meiri stærðarhagkvæmni en þekkist hér og verður forvitnilegt að sjá hvort stjórnendum fyrirtækisins takist að nýta þann styrkleika í fámennu og afskekktu landi.

# Risasamruni á sígarettumarkaðinum í bígerð



Sígarettuframleiðandinn Philip Morris International er í viðræðum við fyrirtækið Altria um að sameinast að nýju. Gangi sameiningin í gegn verður sameinað fyrirtæki stærsti sígarettuframleiðandi heims með markaðsvirði upp á 200 milljarða Bandaríkjadala. Philip Morris og Altria voru slitin í sundur fyrir ellefu árum vegna hægari vaxtar á Bandaríkjamarkaði og hættu á inngripum samkeppnisyfirvalda. NORDICPHOTOS/GETTY

# Einokunarsalar



**Agla Eir Vilhjálmsdóttir**
sérfræðingur á lögfræðisviði Viðskiptaráðs

Þegar kemur að kaupum og sölu fyrirtækja er að mörgu að huga og ýmis álitaefni blasa við á fjölbreyttum sérsviðum, mörg hver sem eðli málsins samkvæmt skipta gríðarlega miklu máli fyrir aðila beggja vegna borðsins. Þá er nauðsynlegt að hafa til taks bestu fáanlegu sérfræðinga til að gæta þess að rétt sé staðið að málum. Stjórnvöld vilja nú meina að það séu eingöngu fasteignasalar, þrátt fyrir að álitaefnin sem blasi við geti verið ótengd þeirra sérsviði og sérþekkingu.

### Afturhvarf til fortíðar

Árið 2015 var einkaréttur fasteignasala til sölumeðferðar fyrirtækja afnuminn með þeim rökum að vandséð væri að menntun og reynsla fasteignasala veitti þeim meiri sérfræðiþekkingu til sölu atvinnufyrirtækja. Ekki þótti því rétt að útiloka aðra sérfræðinga, svo sem endurskoðendur og viðskiptafræðinga, frá því að veita milligöngu við sölu fyrirtækja. Það er í sjálfu sér ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að nú hyggjast stjórnvöld hverfa aftur til fyrra fyrirkomulags að hluta. Ný áform leggja til að fasteignasalar öðlist einkarétt á sölu félaga þar sem megineign hins selda félags er fasteign eða fasteignir.

Hér virðist horft framhjá því að með breytingunni öðlast fasteignasalar mögulega einkarétt á sölu margra íslenskra fyrirtækja sem standa ekki beinlínis í fasteignarekstri, enda nokkuð algengt að stærsta einstaka eign félaga sé fasteign. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis fyrir 2019 var 1.116 milljarðar króna og til samanburðar voru allir rekstrarfjármunir allra fyrirtækja í viðskiptahagkerfinu metnir á 3.327 milljarða króna árið 2017. Því má varlega áætla að um þriðjungur allra rekstrarfjármuna íslenskra fyrirtækja sé fólginn í fasteignum og í ljósi þess hve hátt hlutfallið er, er ekki hægt að útiloka að einkarétturinn nái til fyrirtækja sem eiga stóran hluta fjármuna sinna bundinn í fasteign en stundi og hafi tekjur fyrst og fremst af annarri starfsemi en rekstri fasteigna.

> Ekki er því að sjá að lagasetningin myndi hafa í för með sér neina breytingu frá núverandi vernd gegn peningaþvætti.

Ekki er hægt að sjá að það hafi orðið einhverjar breytingar frá árinu 2015 sem víkja til hliðar þeim sjónarmiðum sem þá stóðu fyrir afnámi einkaréttarins. Meginrök stjórnvalda fyrir því að endurvekja þennan einkarétt að hluta eru þó þau að verið sé að draga úr áhættu á peningaþvætti, þar sem fasteignasalar eru tilkynningarskyldir aðilar samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

### Illa rökstudd fórn

Þessar röksemdir standast þó ekki skoðun. Lögmenn, endurskoðendur og fjöldi annarra starfsstétta er einnig tilkynningarskyldur samkvæmt fyrrgreindum lögum. Þetta eru starfsstéttir sem koma að stórum hluta í dag að sölu þeirra fyrirtækja er færa á undir einkaréttinn og ekki þótti rétt að útiloka á grundvelli sérfræðiþekkingar er einkarétturinn var afnuminn. Ekki er því að sjá að lagasetningin myndi hafa í för með sér neina breytingu frá núverandi vernd gegn peningaþvætti, en þrátt fyrir það telja stjórnvöld mögulega fækkun peningaþvættismála vega þyngra en áhrif lagasetningarinnar á samkeppni um sölu félaga. Slík fórn verður að teljast afar illa rökstudd.

Ef fyrirhugaðar breytingar þjóna engum samfélagslegum tilgangi, hvaða ályktun má draga aðra en þá að hér sé verið að gæta hagsmuna fámennrar stéttar?

# Frumvarpið sem fellur um sjálft sig

SKOÐUN



Þorsteinn Friðrik Halldórsson

Drög að frumvarpi um breytingar á verðtryggingunni liggja nú fyrir og mun það fela í sér verulegar breytingar á núverandi fyrirkomulagi en þó með víðtækum undanþágum. Hámarkstími verðtryggðra lána verður styttur og öll ný verðtryggð lán til neytenda skulu verðtryggð með vístölu neysluverðs án húsnæðisliðar. Allar eldri skuldbindingar verða þó áfram á gömlu vísitölunni.

Umsagnir um frumvarpið varpa ljósi á veikleikana sem í því felast. Markmið lagabreytingarinnar er að vernda lántaka með því að stuðla að hraðri eignamyndun og draga úr hættu á að eigið fé þeirra í húsnæði verði neikvætt. Aftur á móti hefur verið bent á að lántakarnir sem hafa mesta þörf fyrir vernd af þessu tagi séu einkum ungt fólk og tekjulágir, og þær víðtæku undanþágur sem kveðið er á um koma í veg fyrir að markmiðinu sé náð.

Enn fremur hefur verið bent á að settar hafi verið lagaskorður við óvarinni skuldsetningu vegna íbúðarkaupa í erlendum gjaldmiðli og að Fjármálaeftirlitið hafi þegar nýtt þær heimildir sem það hefur til að takmarka veðsetningu og greiðslubyrði. Þessar aðgerðir hafi dregið verulega úr líkum á því að eigið fé í íbúð geti orðið neikvætt. Þá benda höfundar greinargerðar frumvarpsins meira að segja á að árið 2009 hafi vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkað umtalsvert meira en vísitala neysluverðs.

Það er sem sagt búið að leggja fram frumvarp sem á að leysa vanda sem er ekki lengur til staðar og því er sérstaklega ætlað að hjálpa hópum sem þó eru undanþegnir breytingunum.

Frumvarpið er skiljanlegt í ljósi þess að það er hluti af skuldbindingum stjórnvalda vegna lífskjarasamningsins en hafa þarf í huga að þó að frumvarpið sé í raun tilgangslaust þá er það ekki meinlaust. Það mun hefta kaupgetu sumra hópa á húsnæðismarkaði og lækka húsnæðisverð. Auk þess er ýmsum vandkvæðum háð að hafa eina vísitölu fyrir eldri skuldbindingar og aðra fyrir nýjar. Samtök fjármálafyrirtækja hafa réttilega bent á að þannig flækist stýring eigna og skuldbindinga hjá fjármálafyrirtækjum og lífeyrissjóðum. Afleiðingarnar geta verið verri lánskjör.

Velta má fyrir sér hver vilji kannast við þetta frumvarp þegar upp er staðið. Hver muni tala fyrir því staðfastlega í pontu á Alþingi og hver muni verja það í fjölmiðlum af hörku. En hugsanlega verður reynt að koma því hljóðlega í gegn svo að þessi undarlega niðurstaða kjarasamninganna fái sem minnsta athygli.

# VÍKURVAGNAR EHF

# MIKIÐ ÚRVAL AF KERRUM FYRIR IÐNAÐARMENN OG VERKTAKA













VÍKURVAGNAR EHF.

## STYRKUR, ÞJÓNUSTA og ÁREIÐANLEIKI

*Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík*

*Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is*

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 28. ágúst 2019

FRÉTTABLAÐIÐ IS
frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins
@frettabladid


## Hekla tapaði 31 milljón króna

Bílaumboðið Hekla tapaði 31 milljón króna fyrir skatta árið 2018. Til samanburðar hagnaðist fyrirtækið um 175 milljónir króna fyrir skatta árið áður. Mestu munar um að fjármunagjöld jukust úr 139 milljónum króna í 351 milljón króna.

Tekjur Heklu jukust um fjögur prósent á milli ára og námu um 17 milljörðum króna. Eigið fé fyrirtækisins var 1,6 milljarðar króna við árslok og var eiginfjárhlutfallið 30 prósent. Skuldirnar námu 3,7 milljörðum króna. Þar af er 2,2 milljarðar króna í evrum við lánastofnun sem greiða á í ár, en viðskiptaskuldir nema um einum milljarði. Nýir bílar voru bókfærðir fyrir 2,8 milljarða við árslok og lækkaði birgðastaðan um níu prósent. Bókfært virði bíla í flutningi lækkaði úr 1,3 milljörðum króna í 432 milljónir króna.

Friðbert Friðbertsson forstjóri á helmingshlut í Heklu og Selmer Group í Danmörku, sem selur Volkswagen þar í landi, á helming. – hvj



**Friðbert Friðbertsson, forstjóri Heklu.**

**21.08.2019**

**Höskuldur Ólafsson var alltaf mjög harður í launakröfum og jafnan dyggilega studdur af erlendum stjórnarmönnum Arion banka.**



Kirstín Þ. Flygenring, stjórnarmaður í Arion banka 2014 til 2018

## Stjórnarmaðurinn

## Bólgulögmálið

**Deilur** eru komnar upp milli breska ríkisútvarpsins, BBC, og ríkisstjórnarinnar vegna útvarpsgjalds fyrir eldri borgara, en hið opinbera hefur hingað til greitt gjaldið fyrir þá sem eru eldri en 75 ára. Í þjónustusamningi milli BBC og breskra stjórnvalda frá 2015 voru gerðar tilteknar breytingar á innheimtu útvarpsgjalds. Í þeim fólst meðal annars að BBC varð í fyrsta skipti heimilt að innheimta gjaldið vegna áhorfs á netinu, og að útvarpsgjald var í fyrsta skipti tengt verðbólgu. Í þessu fólst auðvitað tekjuaukning fyrir BBC, sem á móti samþykkti að bera fjárhagslega ábyrgð á ívilnunum í þágu eldri borgara frá og með árinu 2020.

**Útvarpsstjóri** BBC taldi samkomulagið á sínum tíma mikinn sigur fyrir BBC. Nú er komið að því að efna þann hluta sem snýr að niðurgreiðslu fyrir eldri borgara, en þá er annað hljóð komið í strokkinn. Forsvarsmenn stofnunarinnar vilja að ríkið stígi inn í, að öðrum kosti sé ekki annað í stöðunni en að skerða þjónustu. Loka sjónvarpsstöðvum og útvarpsrásum. Boris Johnson forsætisráðherra tekur ekki í mál að hlaupa undir bagga með BBC. Það eigi að sjá sóma sinn í að standa við samkomulagið.

**Fyrir þá** sem fylgjast með umræðu um opinberar stofnanir eru þetta kunnuglegar átakalínur. Hérlend dæmi eru mýmörg. Til stendur að sameina FME og Seðlabankann. Engar fyrirætlanir virðast hins vegar um að fækka starfsfólki, og lét forstjóri FME meira að segja hafa eftir sér að engin ástæða væri til að sameina stofnanirnar undir einu þaki. Til hvers þá sameiningin?

**Stefið** frá Bretlandi er líka kunnuglegt fyrir þá sem fylgst hafa með umræðu um að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði. Viðkvæðið hjá stjórnmálafólki virðist vera að bæta verði stofnuninni upp tekjutapið! Má aldrei gera þá kröfu til opinberra stofnana að tekið sé til í rekstri? Í fyrsta lagi verða auglýsingatekjur RÚV ekki til í tómarúmi. Hjá stofnuninni starfar auglýsingadeild, og er því talsverðu til kostað svo ná megi í tekjurnar. Sá kostnaður heyrði sögunni til ef starfsemin væri ekki lengur fyrir hendi. Í öðru lagi starfa margfalt fleiri hjá RÚV en hjá einkafyrirtækinu Sýn, þótt afköstin séu margföld hjá hinu síðarnefnda.

**Íslenskir stjórnmálamenn** ættu því að sperra eyrun og fylgjast með baráttu Boris við BBC. Það er víst hægt að gera sparnaðarkröfu til opinberra stofnana.







HUMBAUR

**Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!**

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**


**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.


**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.


**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.


**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.


**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.


**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.

**Topplausnir**
www.Topplausnir.is - S: 5177718
Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heimilið

## Barnavörur

Barnið Okkar



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**TIL LEIGU**
40 fm. stúdíóíbúð til leigu í Hafnarfirði. Reglusemi og skilvisar greiðslur. Uppl. í s: 695-3352

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn klámi.

Mosfellsbær

## Kynning á deiliskipulagslýsingu: Spildur úr landi Æsustaða

Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar deiliskipulagslýsingu, skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

*Fyrir gerð deiliskipulags sem nær yfir tvær spildur úr landi Æsustaða, lnr. 176793 og 176795. Spildurnar eru samliggjandi og staðsettar á milli vegarslóða norðan Æsustaðafjalls og Suðurár til austurs. Stærð skipulagssvæðisins er 9,7 ha. Í aðalskipulagi eru spildurnar skilgreindar fyrir blandaða landnotkun, íbúðar- og landbúnaðarsvæði, 217-Íb/L.*

Megin viðfangsefni deiliskipulagsins er að skipuleggja um 1 ha lóðir sem á eru eitt íbúðarhús ásamt landbúnaðartengdri starfssemi, frístundabúskap og/eða öðrum rekstri þessu tengdu. Í deiliskipulagslýsingunni kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitastjórn hefur við skipulagsgerðina. Upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu, fyrirhugað skipulagsferli hvað varðar kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Þeir sem vilja kynna sér málið nánar eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við skipulagsfulltrúa.

Deiliskipulagslýsingin liggur frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ og hana má einnig finna á heimasíðu bæjarins á slóðinni: mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar

**Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna má skila til þjónustuvers Mosfellsbæjar eða til undirritaðs fyrir 20. september 2019.**

*28. ágúst 2019*
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholt 2 I Mosfellsbær 270 I Sími 525 6700 I mos.is

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR
hagvangur.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | 2 |
| Ísafjörður | 4 | 6 |
| Akureyri | 10 | 3 |
| Egilsstaðir | 15 | 5 |
| Kirkjubæjarkl | 11 | 4 |
| Hveravellir | 6 | 5 |

Sunnan 8-15 m/s, en hægari vindur V-til. Víða rigning eða skúrir og hiti 6 til 13 stig, en þurrt að kalla um landið norð-austanvert með allt að 17 stiga hita. Norðaustlæg eða breytileg átt 3-10 m/s á morgun og víða skúrir. Hiti 5 til 15 stig, mildast NA-lands.

## Fimmtudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 | 3 |
| Ísafjörður | 2 | 6 |
| Akureyri | 6 | 3 |
| Egilsstaðir | 8 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 9 | 2 |
| Hveravellir | 5 | 5 |

## Föstudagur

| Staður | °C | m/s |
|---|---|---|
| Reykjavík | 9 | 5 |
| Ísafjörður | 3 | 6 |
| Akureyri | 4 | 2 |
| Egilsstaðir | 5 | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 12 | 0 |
| Hveravellir | 2 | 6 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | | 4 | | | 2 | | |
| | | | | 3 | 1 | | 8 | 4 |
| | | 5 | | 6 | | | 7 | |
| | | | | 1 | | 4 | | |
| | 7 | | 6 | 2 | | | | 5 |
| 4 | | 9 | | | 7 | 1 | 6 | |
| | | | | | | | | 1 |
| 5 | | 7 | | | | 9 | | |
| | 2 | 6 | | 5 | 3 | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | 5 | | 2 | | | | 3 |
| | 4 | | | | | 2 | | |
| 3 | | | 4 | 6 | 1 | | 7 | |
| | | | | | 5 | | | 6 |
| | | | 9 | 1 | | 7 | | |
| 5 | | 4 | | 8 | 2 | | | |
| | 5 | 2 | 1 | | 4 | 9 | | |
| | | | | | | 4 | 1 | |
| | | | | | 7 | 3 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | 6 | | |
| | | | | 2 | | | | 4 |
| | | 4 | | 7 | | | | |
| 5 | 4 | | | | | 3 | | |
| | | 2 | 8 | 9 | | | 5 | |
| 7 | | | 2 | | | 8 | | |
| 8 | | | 4 | | 6 | 1 | 9 | |
| | 9 | | 3 | | | | 7 | 6 |
| 3 | | | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 aðsúgsmikill
5 spíra
6 tveir eins
8 þrá
10 í röð
11 loga
12 sókn
13 vingjarnleiki
15 krydd
17 manna

**LÓÐRÉTT**
1 skyggni
2 nornasköp
3 ónóg
4 söngla
7 mótmæla
9 atferli
12 feysknа
14 draup
16 tveir eins



**LÁRÉTT:** 1 hávær, 5 ála, 6 aa, 8 löngun, 10 fg, 11 eld, 12 fram, 13 alúð, 15 kanill, 17 karla.
**LÓÐRÉTT:** 1 hálfþak, 2 álög, 3 van, 4 raula, 7 andmæla, 9 gerðir, 12 fúna, 14 lak, 16 ll.

## Skák Gunnar Björnsson

Pal Benkö átti leik gegn Pares í Olot árið 1971.

**1. ... Df4+! 2. Rxf4 exf4# 0-1.**
Pal Benkö lést um daginn, 91 árs að aldri.
Helgi Áss Grétarsson er í víking á grísku eyjunni Krít og teflir þar á þremur skákmótum í röð. Teflir hvern einasta dag þar til 19. september nk.

**www.skak.is:** Helgi Áss á Krít

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 5 | 6 | 3 | 1 | 7 | 4 |
| 4 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 9 | 7 | 4 | 6 | 8 | 3 |
| 3 | 8 | 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 2 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 | 4 | 5 | 1 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 7 | 3 | 6 | 5 |
| 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 2 | 1 | 8 |
| 1 | 5 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 |
| 9 | 4 | 6 | 2 | 3 | 8 | 7 | 5 | 1 |
| 1 | 2 | 5 | 4 | 6 | 7 | 8 | 3 | 9 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 8 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 9 | 4 | 5 | 2 | 6 | 1 | 7 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 7 | 4 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 2 | 3 | 1 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 8 |
| 4 | 6 | 9 | 8 | 5 | 2 | 3 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 | 6 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 3 | 6 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 5 | 7 | 8 | 9 | 4 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 |
| 3 | 8 | 6 | 7 | 4 | 5 | 9 | 1 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 4 | 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 4 | 7 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










SAMFERÐA
GÓÐGERÐARSAMTÖK

Frjáls framlög – enginn kostnaður!

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.
907 1083 – 3.000 kr.
907 1085 – 5.000 kr.
907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation

# FRÉTTABLAÐIÐ MENNING



Ég hef alltaf haft gaman af að horfa á hlutina í samhengi, segir Börkur Arnarson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



## Módernismi og dagurinn í dag

**Í i8 Galleríi stendur yfir sýning á verkum átta listakvenna. Ný verk ríma við eldri verk á sýningu sem virkar sem heild.**

Verk eftir átta listakonur eru á sýningu sem nú stendur yfir í i8 Galleríi. Listakonurnar eru: Margrét H. Blöndal, Ásgerður Búadóttir, Eyborg Guðmundsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Arna Óttarsdóttir, Ragna Róbertsdóttir, Karin Sander og Júlíana Sveinsdóttir.

Börkur Arnarson, eigandi i8, segir að hugmyndarinnar að sýningunni megi leita til tveggja verka eftir Kristínu Jónsdóttur frá Munkaþverá sem eru í eigu gallerísins. „Mig hafði lengi langað til að setja þau á sýningu og svo kom rétti tíminn. Þegar Ásgerður Búadóttir var á lífi sýndum við tvisvar verk eftir hana og þar er viss tenging við verk Kristínar. Í Berlín sá ég nýtt verk eftir Karin Sander, en hún er listakona sem við í i8 vinnum með. Þarna voru gömul verk og nýtt verk sem kölluðust á og hugmynd að sýningu kviknaði. Ég hef alltaf haft gaman af að horfa á hlutina í samhengi og þarna sjáum við módernismann í samhengi við daginn í dag. Verkin úr samtímanum ríma við verk Ásgerðar, Kristínar, Eyborgar og Júlíönu, en eru ekki gerð út frá sömu forsendum,“ segir Börkur.

Arna Óttarsdóttir er yngsti listamaðurinn á sýningunni en 99 ár eru á milli fæðingardags hennar og Júlíönu Sveinsdóttur. Verk Örnu Óttarsdóttur er tileinkað bandarísku listakonunni Agnesi Martin. Verk Eyborgar eru sömuleiðis verk sem ekki margir hafa séð, en haldin var yfirlitssýning á verkum hennar á Kjarvalsstöðum fyrr á þessu ári.



Séð yfir sýningarsalinn. Verk eftir Rögnu Róbertsdóttur er í forgrunni.

Þýska listakonan Karin Sander er í hópi listakvennanna, en hún bar sigur úr býtum í samkeppni um útilistaverk í Vogabyggð í byrjun þessa árs, en þar komu pálmatré mjög við sögu, og miklar umræður sköpuðust um hugmyndir hennar. Á þessari sýningu sýnir hún gervigrasvöll. „Þetta verk Karenar er eins og klippt úr fótboltavelli, þetta er vítateigur sem á þessum stað er orðinn eins og málverk frá árunum 1950-60 og er þar með farið að tala við hin verkin,“ segir Börkur.



Verk eftir Kristínu Jónsdóttur.

**ÞARNA VORU GÖMUL VERK OG NÝTT VERK SEM KÖLLUÐUST Á OG HUGMYND AÐ SÝNINGU KVIKNAÐI.**

Margrét Blöndal gerði verk sérstaklega fyrir þessa sýningu. „Teikningar Margrétar eru skúlptúrar og skúlptúrarnir hennar eru teikningar. Hér sýnir hún skúlptúra í þrívídd sem eru um leið miklar teikningar. Eftir að hafa séð öll hin verkin vann hún sín verk inn í þetta rými,“ segir Börkur.

Um þessa áhugaverðu sýningu segir Börkur: „Við vitum að þessi verk eru frábær, en við ætluðum okkur líka að láta sýninguna virka sem heild.“ – Og það gerir hún sannarlega.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

### 28. ÁGÚST 2019

### Viðburður

**Hvað?** Spjall með ættingjum listakvenna
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Gerðarsafn
Gestum er boðið í spjall við vini og ættingja listamannanna Valgerðar Briem, Gerðar Helgadóttur og Barböru Árnason sem allar eiga verk á sýningunni Útlínu í Gerðarsafni. Listakonurnar settu sinn svip á íslensku myndlistarsenuna og munu ættingjar og fulltrúar þeirra setja verkin á sýningunni í persónulegt samhengi.



Áhugi Trumps Bandaríkjaforseta á Grænlandi vekur heimsathygli.

### Fyrirlestur

**Hvað?** Fyrirlestur um norðurslóðir
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** Norræna húsið
Hvað þýðir aukinn áhugi Bandaríkjanna á Grænlandi fyrir Ísland, samband Grænlands við Danmörku og öryggishagsmuni ríkja á norðurslóðum?
Fundarstjóri er Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri Vestnorræna ráðsins.
Streymt verður frá viðburðinum sem fer fram á ensku og er opinn öllum.

### Tónleikar

**Hvað?** Lokatónleikar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Lokatónleikar Schola cantorum í sumartónleikaröð Alþjóðlega orgelsumarsins. Flutt verður dagskrá sem spannar litróf frá miðöldum á Íslandi til vorra daga með viðkomu í íslenskum tvísöng auk þess sem nokkrar glæsilegar og þekktar perlur evrópskra tónbókmennta verða teknar til kostanna. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Miðaverð er 2.700 kr. og fer miðasala fram á midi.is og í kirkjunni klukkutíma fyrir tónleika.

### Sýningar

**Hvað?** Afmælissýning
**Hvenær?** 17.00-20.00
**Hvar?** Gróskusalurinn, 2. hæð, Garðatorgi 1 í Garðabæ
Kamma Níelsdóttir opnar afmælissýningu á listaverkum úr þæfðri ull, gleri og keramik. Við opnunina býður Kamma jafnframt til tvöfaldrar stórafmælisveislu með tengdadóttur sinni, Maríu Magnúsdóttur, sem varð 40 ára þann 2. júlí síðastliðinn. Samanlagt verða þær því 120 ára.

# Minnihlutahópar og minni þjóðar

**LEIKHÚS**

**Independent Party People**

★★★☆☆

**Tjarnarbíó**

**Sálufélagar**

**Höfundar og flytjendur:** Davíð Þór Katrínarson, Jónmundur Grétarsson, Nína Hjálmarsdóttir og Selma Reynisdóttir
**Leikstjóri:** Brogan Davison
**Sviðsmynd:** Katerina Blahutová
**Tónlist:** Sigrún Jónsdóttir
**Ljós:** Aron Martin Ásgerðarson og Magnús Thorlacius
**Búningar:** Tanja Huld Levý Guðmundsdóttir



Efnið er spennandi en rannsóknin ristir sjaldan djúpt.

Forréttindablinda, femínismi og sjálfsmyndarpólitík eru helstu mál á dagskrá í Independent Party People sem Sálufélagar, nýlegur sviðslistahópur, sviðsetur. Svo sannarlega stórar hugmyndir á smáu sviði. Frumsýningin fór fram í Tjarnarbíó síðastliðinn miðvikudag fyrir fullu húsi og markar byrjun leikársins þar í húsi, heimili sjálfstæðu sviðslistasenunnar.

Independent Party People er svokölluð „devised“ sýning þar sem allur hópurinn kemur að því að semja og smíða handritið. Vinnuaðferðin hefur notið vinsælda hér á landi í töluverðan tíma en Sálufélögum, eins og svo mörgum öðrum hópum á undan þeim, tekst ekki að finna textanum eða hugmyndunum formfestu. Markmiðin eru háleit en því miður verður handritið útþynnt vegna stefnuleysis og skorts á ritstjórn.

Sviðslistafólkið Davíð Þór, Jónmundur, Nína og Selma sviðsetja hér sjálf sig, eða allavega eina útgáfu af sjálfum sér, en lenda fljótlega í klemmu. Auðveldasta leiðin til að skapa átök á sviði er að láta einstaklinga kýta en stöðugi ágreiningurinn um það hvernig eigi að sviðsetja hugmyndir sínar tekur frá sjálfu málefninu og kjarna sýningarinnar. Átökin verða þannig yfirborðskennd og valda töfum frekar en að dýpka framvinduna og ýta áfram.

Hverjar eru afleiðingarnar þegar einungis einn þjóðfélagshópur er notaður sem táknmynd þjóðar? Fegurðardýrkun birtist í einstaklega ógeðfelldri útgáfu þegar hún blandast saman við þjóðernisstolt. Eitthvað sem auglýsingastofur landsins hika ekki við að nýta sér til að selja Ísland og íslenskar vörur. Sálufélagar snerta á þessari hugmynd en skoða ekki nægilega, því að of mörg tilboð eru á borðinu. Brogan finnur hugmyndum hópsins farveg með afslappaðri nálgun. Senum er gefið pláss til að vaxa en innihaldið er ekki nægilega ríkt til að þær dafni. Leikhópurinn vinnur vel saman en Davíð Þór Katrínarson og Jónmundur Grétarsson stela senunni með beinskeyttri og broslegri nálgun, Nína Hjálmarsdóttir og Selma Reynisdóttir eiga fín innslög en skilja minna eftir.

Öll listræn stjórnun var að sama skapi með ágætum. Katerina Blahutová hannar fagurfræðilega sterka sviðsmynd og gætir þess að ríkjandi grunnliturinn sé hvítur. Leikmunirnir eru fáir, sumir vel valdir en aðrir tilviljanakenndir. Búningahönnun Tönju Huldar Levý Guðmundsdóttur ýtir undir

**ÁTÖKIN VERÐA ÞANNIG YFIRBORÐSKENND OG VALDA TÖFUM FREKAR EN AÐ DÝPKA FRAMVINDUNA.**

spennuna í umhverfinu og kynnir bæði litina og kaosið inn í myndina, afmyndaða mósaík af íslenskum útivistarfatnaði.

Davíð Þór á bestu línu verksins þegar hann útskýrir á snjallan og einfaldan hátt að hann beri ekki ábyrgð á vandræðagangi og sektarkennd hvítra Íslendinga. Það er ekki hans verk að útskýra að þeirra forréttindablinda sé skiljanleg, hún er það nefnilega ekki. Independent Party People þarf fleiri slík atriði, hnitmiðaðri hugmyndafræði og skýrari markmið. Efnið er spennandi en rannsóknin ristir sjaldan djúpt. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Forvitnileg en reikul sýning um sjálfsmyndapólitík og samfélagið.



**Höskuldur Þráinsson prófessor er meðal þeirra sem taka til máls á ráðstefnunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vistaskipti í húsi Vigdísar

Níunda samstarfsráðstefna Manitóbaháskóla og Háskóla Íslands fer fram fimmtudag og föstudag en þetta er í fyrsta sinn sem hún er haldin síðan 2012.

Ráðstefnan, sem fer fram í Veröld – húsi Vigdísar, ber yfirskriftina Vistaskipti og þar verða kynntar margar áhugaverðar rannsóknir sem tengjast innflytjendum á ýmsan hátt, ekki síst Vestur-Íslendingum í nútíð og fortíð en einnig innflytjendum á Íslandi í samtímanum.

Á ráðstefnunni er áherslan lögð á sögu, tungumál, bókmenntir og lífsreynslu íslenskra innflytjenda og afkomenda þeirra í Kanada. Það eru einnig fleiri þættir vistaskipta sem koma við sögu á ráðstefnunni sem varða meðal annars innflytjendur, flóttamenn og hælisleitendur beggja vegna hafs, allt frá reynslu tiltekinna hópa af lagasetningu og pólitík til heimspekilegra pælinga um viðhorf fólks til þeirra sem finna sig í vistaskiptum og þar með í stigveldi ríkjandi samfélagskerfa. Einnig verður varpað ljósi á stöðu frumbyggja Kanada og þau viðvarandi vistaskipti sem þeir finna sig í, með hliðsjón af tilraunum samtímans til að endurskoða sambúð frumbyggja og afkomenda evrópskra landnema.

HL STÖÐIN

Starfsemi HL stöðvarinnar í Reykjavík hefst samkvæmt stundaskrá mánudaginn **2. september**.

Vinsamlega staðfestið þátttöku í síma **561 8002** eða á **hlstodin@simnet.is**.

HL STÖÐIN
Endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga
Hátúni 14 – 105 Reykjavík – Sími 561 8002

LÝKUR Í DAG MIÐVIKUDAG
DORMA Láttu drauminn rætast
Vikutilboð
GILDA FRÁ 22. TIL 28. ÁGÚST







• Pokagormakerfi
• Hægindalag í yfirdýnu
• Bómullaráklæði
• Steyptur svampur í köntum

SPRING AIR BEVERLY
heilsurúm 140, 160 og 180 x 200 cm

| Stærð 140 x 200 cm | Stærð 160 x 200 cm | Stærð 180 x 200 cm |
|---|---|---|
| Fullt verð 149.900 kr. | Fullt verð 174.900 kr. | Fullt verð 189.900 kr. |
| 112.425 kr. | 131.175 kr. | 142.069 kr. |

**AFFARI** er nýtt og spennandi vörumerki í ilmkertum, kertastjökum, púðum, teppum og fleiri smávörum í **DORMA**.






AFFARI
Ro ilmkerti.
Nokkrir ilmir.
Fullt verð: 2.990 kr.
Kynningarverð aðeins **2.392 kr.**






AFFARI
Kertastjakar
Verð frá: 1.790
Kynningarverð frá **1.432 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18.30
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA Láttu drauminn rætast

## Ertu með RÚV-appið?




**Fyrir þig þegar þér hentar**

Fjölbreytt dagskrárefni RÚV í öllum miðlum, í beinni og spilara, allt á einum stað.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2016-2017 Akranes - Kópavogur**
**14.05 Mósaík 1998-1999** Þættir frá 1998-1999 þar sem raðað er saman ýmsum brotum sem tengjast menningu og listum, auk umræðu um fróðleg og framandi mál. Umsjón hefur Jónatan Garðarsson. Dagskrárgerð: Haukur Hauksson og Þiðrik Ch. Emilsson. Stjórn útsendingar: Haukur Hauksson. e.
**14.50 Með okkar augum**
**15.25 Óvæntur arfur**
**16.25 Baráttan við aukakílóin** Breskir þættir um megrun, mataræði og þyngdartap þar sem þátttakendur prófa nokkra vinsæla megrunarkúra. e.
**17.15 Matarmenning - Kartöflur** Fróðlegir danskir þættir þar sem þáttastjórnendur rannsaka matinn sem við borðum dagsdaglega. e.
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Tímon & Púmba**
**18.18 Sígildar teiknimyndir**
**18.26 Líló og Stitch**
**18.50 Landakort Hafnarhólmi á Borgarfirði eystri**
**18.54 Víkinglottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Með okkar augum** Níunda syrpa þessara margverðlaunuðu þátta sem vakið hafa athygli fyrir nýstárleg og frumleg efnistök. Fólk með þroskahömlun vinnur þættina með fagfólki í sjónvarpsgerð og miðlar þannig fjölbreytileika íslensks samfélags.
**20.35 Grænlensk híbýli**
**21.05 Á önglinum** Finnsk glæpaþáttaröð um fíkniefnalögreglumanninn Oskari sem fær óvænt heimsókn frá barnsmóður sinni, Kristu, sem hann hefur ekki séð í sextán ár. Krista er fyrrum eiturlyfjafíkill og kunnug undirheimum Helsinki og þau komast að leynilegu samkomulegi um að hjálpa hvort öðru. Aðalhlutverk: Tommi Eronen, Matleena Kuusniemi og Jussi Nikkilä. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Þrælaslóðir** Heimildarþáttaröð í fjórum hlutum sem rekur sögu þrælaviðskipta í heiminum, allt frá sjöundu til nítjándu aldar, og leitast við að svara því hvers vegna Afríka varð skjálftamiðja þessara viðskipta. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.15 Haltu mér, slepptu mér**
**00.00 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Tour Championship** Útsending frá Tour Championship á PGA mótaröðinni.
**14.00 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
**14.50 Tour Championship**
**19.50 Golfing World**
**20.40 Champions Tour Highlights** Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
**21.35 Canadian Pacific Women's Open** Útsending frá Canadian Pacific Women's LPGA mótaröðinni.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Fam**
**14.15 The Orville**
**15.00 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 American Housewife**
**20.10 George Clarke's Old House, New Home**
**21.00 Chicago Med**
**21.50 The Fix**
**22.35 Queen of the South**
**23.20 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 Proven Innocent**
**02.20 Get Shorty**
**03.20 The Code**
**04.05 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Meistari Morricone**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtal Þórarinn Guðnason, formaður Læknafélags Reykjavíkur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Tengivagninn**
**17.00 Fréttir**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp KrakkaRÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan. Hringsól**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Tengivagninn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.05 Accepted**
**12.40 A League of Their Own**
**14.45 Ghostbusters**
**16.30 Accepted**
**18.05 A League of Their Own**
**20.15 Draugabanarnir II**
**22.00 Max Steel**
**23.35 The Lost City of Z**
**01.55 Unlocked**
**03.35 Max Steel**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.50 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Mom**
**09.55 Fresh Off the Boat**
**10.15 The Last Man on Earth**
**10.40 Arrested Developement**
**11.05 God Friended Me**
**11.50 Bomban**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hvar er best að búa?**
**13.25 Einfalt með Evu**
**13.55 I Own Australia's Best Home**
**14.45 The Great British Bake Off**
**15.45 Seinfeld**
**16.10 Stelpurnar**
**16.35 Born Different**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Sportpakkinn** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.20 Veður**
**19.25 Víkingalottó**
**19.30 First Dates**
**20.20 Women on the Verge**
**20.50 Veronica Mars**
**21.45 Wentworth**
**22.35 You're the Worst**
**23.00 Burðardýr**
**23.35 L.A.'s Finest**
**00.20 Animal Kingdom**
**01.05 Warrior**
**01.50 The Sinner**
**02.30 The Sinner**
**03.15 Arthur Miller: Writer**

## STÖÐ 3

**19.10 Mom**
**19.35 Schitt's Creek**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Two and a Half Men**
**21.15 Roswell, New Mexico**
**22.00 Westworld**
**23.00 iZombie**
**23.45 Grimm**
**00.30 Mom**
**00.55 Seinfeld**
**01.20 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20 Tennessee Titans - Pittsburgh Steelers** Útsending frá leik Tennessee Titans og Pittsburgh Steelers í NFL.
**09.40 Levante - Villarreal** Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
**13.00 Manstu**
**13.50 ÍA - ÍBV** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**15.30 KA - KR** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**17.10 Undanúrslit** Útsending frá leik í Forkeppni Meistaradeildar Evrópu.
**18.50 Undanúrslit** Bein útsending frá leik í Forkeppni Meistaradeildar Evrópu.
**21.00 NFL Hard Knocks. Oakland Raiders** Flottir þættir um undirbúning Oakland Raiders fyrir veturinn í NFL deildinni.
**21.50 Barcelona - Real Betis** Útsending frá leik Barcelona og Real Betis í spænsku úrvalsdeildinni.
**23.30 Natural Talent**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |


Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA
12V 30L
Álskóflur
frá 1.999
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur
á frábæru verði
Háþrýstidæla
1200W 100Bör
9.999
Hjólatjakkur
2T m/tösku
3.795
Öflugar
háþrýstidælur
165Bör
2100W
22.999
Háþrýstidæla
1400W 105Bör
14.999
6T Búkkar
605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
34.995
Verkfæraskápur
á hjólum
59.995
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum
Mikið úrval af
verkfæratöskum
frá 795
Steðjar í
miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi
angle
6.985
14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk
5.995
Verkfærasett
108 stk
4.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp
ryk/regn/
frostþolið
24.995
Ruslapokar
10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
4.999
Skóflur
frá 995
Frábært úrval af
dragböndum/
ströppum
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm
Fjölsög
Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC
1200W
19.995
Súluborvél 350W
(m/skrúfstykki)
16.995
Metabo
KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Best klædd á VMA tónlistarhátíðinni



Systurnar Gigi og Bella Hadid mættu í stíl, en fregnir herma að skipuleggjendur hátíðarinnar hafi haft annað sætið við hlið Gigi autt, skyldi hana langa til að taka Bachelorette-keppandann Tyler Cameron með sér, en þau hafa verið að slá sér upp undanfarið.

VMA-tónlistarhátíðin fór fram á mánudagskvöldið og var mikið um dýrðir. Taylor Swift vann til þrennra verðlauna en hún opnaði einnig hátíðina.

Taylor Swift, Ariana Grande og Billie Eilish unnu hver um sig þrenn verðlaun. Söngkonan Miley Cyrus ákvað svo, samkvæmt heimildum, á síðustu stundu að koma fram á hátíðinni og syngja nýjasta lag sitt, Slide Away. Hún gekk því ekki rauða dregilinn í byrjun hátíðarinnar en var mynduð baksviðs með kærustu sinni, Kaitlynn Carter. Margir telja lagið Slide Away fjalla um hjónaband Miley og leikarans Liams Hemsworth, þá sérstaklega hvað olli því að það endaði í skilnaði. Stjörnurnar voru hver annarri flottari og hér er því stutt samantekt á þeim sem þóttu bera af.

steingerdur@frettabladid.is



Leikkonan Keke Palmer flott í gulum og glitrandi kjól, en hún átti einmitt 26 ára afmæli sama dag og hátíðin fór fram. MYNDIR/NORDIC PHOTOS/GETTY



Leik- og söngkonan Hailee Steinfeld var glæsileg í þessum rauða blúndukjól.



Kærustuparið Shawn Mendes og Camila Cabello kusu að labba ekki dregilinn saman, en áttu þó sjóðheita framkomu á hátíðinni þegar þau fluttu lagið Señorita.



Söngkonan Taylor Swift var tilnefnd til tíu verðlauna og vann til þrennra. Hún opnaði hátíðina með glæsilegu atriði þar sem hún söng lög af nýjustu plötunni sinni, Lover. Hún hefur undanfarið verið gjörn á að klæðast Versace, og var hátíðin engin undantekning, en við jakkann klæddist hún svörtum Christian Louboutin stígvélum.




ht.is

# RISA ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

LÝKUR UM HELGINA!

TAKMARKAÐ MAGN!
SJÁÐU ALLT ÚRVALIÐ Á HT.IS

Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFOSS EGILSSTAÐIR HÚSAVÍK AKRANES

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!

ÍSAGA
100 ÁRA



TIL HAMINGJU
MEÐ 100 ÁRIN!

ÍSAGA var stofnað 30. ágúst 1919 til að framleiða acetylengas fyrir vita landsins.

AGA var fremst í þróun í ljóstækni fyrir vita. Af þeim sökum var AGA valið sem samstarfsaðili og hluthafi við stofnun ÍSAGA. Fyrsti vitinn var reistur hér árið 1878 og fyrstu AGA vitarnir hér á landi voru reistir árið 1909.

EFTIRTALDIR SAMSTARFSAÐILAR ÍSAGA ÓSKA FYRIRTÆKINU TIL HAMINGJU MEÐ 100 ÁRA AFMÆLIÐ

marel
GASTEC • ÞEKKING OG ÞJÓNUSTA •
matorka Land-based Aquaculture
LÆKNA STÖÐIN
ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON
LIVIO Reykjavík
VHE HUGVIT Í VERKI

FÖSTUDAGINN 30. ÁGÚST, FRÁ KL. 15-17, VERÐUR OPIÐ HÚS HJÁ ÍSAGA AÐ BREIÐHÖFÐA 11 - ALLIR VELKOMNIR!




**Þorgrímur byrjaði að mála fyrir slysni þegar hann var í Hollandi að læra tónsmíðar.** MYND/EINAR RAFNSSON

# Lagðist í melgresið og úr varð sería

Myndlistarmaðurinn **Þorgrímur Andri Einarsson** er einstaklega vinsæll á samfélagsmiðlinum Instagram. Melgresi varð honum innblástur þegar hann lagðist í það örmagna í fæðingarorlofi.

Ég byrjaði að mála árið 2010, þá var ég í Hollandi að læra tónsmíðar. Ég eiginlega rambaði inn á þetta fyrir slysni, féll í kjölfarið algjörlega fyrir myndlistinni og síðustu fjögur ár hef ég alfarið verið að mála,“ segir Þorgrímur Andri Einarsson, en myndlistarsýning hans, Uppbrot, stendur nú yfir í Gallerí Fold.

Þetta er þriðja einkasýning Þorgríms í Galleríi Fold en hann sýnir reglulega erlendis og þá sérstaklega í Bandaríkjunum.

„Ég hef mest verið að sýna í Denver í Colorado og svo Kaliforníu. Ég nálgaðist sjálfur annað galleríið, Abend Gallery, með samstarf í huga. Galleríið í Kaliforníu, Vanessa Roth Fine Art, hafði svo samband við mig og óskaði eftir samstarfi í gegnum samfélagsmiðla.“

Á nýjustu sýningu Þorgríms, Uppbroti, eru um fimmtán verk. „Nafnið á sýningunni kemur svolítið frá því hvað ég var að hugsa við gerð verkanna, að taka raunsæið í viðfangsefninu og brjóta það upp en líka flötinn á verkinu sjálfu, á frekar óhefðbundinn hátt.“

Hann segir stíl sinn hafa þróast mikið síðustu ár, upphaflega hafi hann fyrst og fremst verið í raunsæjum olíuverkum. Þegar á leið hafi honum byrjað að finnast það leiðinlegt til lengdar og fullþvingað.

„Þannig að stíllinn er að þróast og taka hægt á sig nýja mynd. En viðfangsefni mín á þessari sýningu eru nokkuð ólík. Það eru hauskúpur, módel, hestar og landslag.“

Ein myndaserían á sýningunni er tileinkuð melgresi.

„Sá innblástur kom fyrir slysni. Ég og konan mín eignuðumst tvíbura fyrir tveimur árum, sem gefur að skilja var það mikið álag, að verða svona nýir foreldrar. Við vorum meira og minna ósofin í nokkra mánuði. Pabbi kom öðru hvoru yfir og passaði fyrir okkur.“



**Ein af myndunum sem eru til sýnis núna í Galleríi Fold.**

> **ÞANNIG AÐ UPP ÚR ÞESSU VOLÆÐISÁSTANDI SEM ÉG VAR Í ÞÁ VARÐ TIL MJÖG SPENNANDI MYNDASERÍA, SEM ER SVO NÚNA TIL SÝNIS.**

Þá hafi Þorgrímur stundum nýtt tækifærið og farið út með myndavélina sína.

„Eitt skiptið endaði ég úti á Gróttu þar sem melgresið er, þykkt og gróft gras sem finnst ekki víða. Ég var þarna alveg örmagna, í raun fyrst og fremst að hvíla mig, þannig að ég lagðist niður. Þá tók ég eftir ýmsum myndbyggingum birtast í grasinu.“

Þá hafi hann byrjað að mynda og fundið alls konar skemmtileg sjónarhorn.

„Þannig að upp úr þessu volæðisástandi sem ég var í þá varð til mjög spennandi myndasería, sem er svo núna til sýnis. Þessar myndir hafa slegið í gegn á Instagraminu hjá mér, því þær eru svolítið öðruvísi og spennandi.“

Þorgrímur er með yfir 60 þúsund fylgjendur á Instagram.

„Það hefur gefið mér mörg tækifæri. Ég hef verið fenginn til að halda fyrirlestra og námskeið erlendis í gegnum Instagram. Ég hélt námskeið sem seldist upp á í Toskana, og verð með annað námskeið þar 1.-7. október. Svo var ég nýverið fenginn til að halda námskeið í Svíþjóð en það er allt á byrjunarstigi.“

Sýningin Uppbrot er í Galleríi Fold og stendur út sunnudaginn 1. september.

**steingerdur@frettabladid.is**


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# 10 nýjungar frá Ella's Kitchen




Fingramatur







Ávaxta- og grænmetis-skvísur










Grænmetis-skvísa

Kvöldverða-skvísa












# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**
Davíðs Þorlákssonar

## Fleira matur en feitt kjöt?

Rætt hefur verið um að minnka, eða jafnvel banna, notkun dýraafurða í mötuneytum borgarinnar. Nú vinn ég ekki hjá borginni og á ekki börn í skóla, og það er ólíklegt að það sé að fara að breytast á næstunni, þannig að þetta kemur mér ekki beint við. En, sem áhugamaður um matvælaframleiðslu langar mig þó að velta upp nokkrum sjónarmiðum.

Meginmarkmið ætti að vera að bjóða upp á hollan, fjölbreyttan og góðan mat. Einnig þarf að huga að umhverfisáhrifum framleiðslu og flutnings og velferð og aðbúnaði dýra. Við eigum matvælaframleiðslu þar sem vel er hugsað um dýr og til dæmis sýklalyf eru ekki notuð í miklum mæli. Það er erfitt að ímynda sér betra líf fyrir dýr í matvælaframleiðslu en íslenska lambið sem fær að ganga um fjöll stærstan hluta ævi sinnar.

Það er heldur ekki svo að vegan sé alltaf hollara eða betra en dýraafurðir. Það er ekkert óhollt við það að neyta eggja og óunnins kjöts og fisks. Það er heldur ekki svo að kolefnisspor allra dýraafurða sé dýpra en alls grænmetis og ávaxta. Til dæmis er ein kaloría af eldislaxi með 1,5 g kolefnisspor en tómatur með 14. Lykilatriði hlýtur að vera að upplýsa fólk um uppruna og umhverfisáhrif matar og bjóða því svo upp á val. Á meðan langflest heimili í landinu neyta dýraafurða þá eru öfgar eins og að banna þær eða takmarka í stórum stíl ólíklegir til árangurs.








